

EDVALD EINAR STEFÁNSSON

Lærði að takast betur á við föðurhlutverkið

• heilsa
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



NOTAÐIR BÍLAR

Endingargóðir bílar, partasölur og uppboð

Sérblað um notaða bíla
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON

Ný plötuútgáfa stelar senunni

Hljómplötuútgáfan Borgin ryður sér til rúms
FÓLK 18



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. júlí 2009 – 165. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

PRÍÐJUDAGUR

Tákn um liðinn tíma

Gísli Gíslason er með einkanúmerið 2007 á bíl sínum.

FÓLK 22



Endurreisn

„Engin ríkisstjórn í sögu lýðveldisins hefur tekið við verra búi úr höndum forvera sinna en sú sem nú situr,“ skrifar Sverrir Jakobs-son.

Í DAG 12

Eurovision-kjöll til sýnis

Kjöll Jóhönnu Guðrúnar er til sýnis í Klæðskerahöllinni við Hringbraut.


FÓLK 19

Fjögurra liða fallbarátta

Fram og Breiðablik sögðu skilið við neðri hlutann eftir góða útsisgra.

ÍPRÓTTIR 17

VEÐRIÐ Í DAG



Norðanátt í dag verður nokkuð stíf norðanátt á Vestfjörðum og Snæfellsnesi en annars hægari. Rigning eða súld víða um land en fremur bjart og úrkomulítið sunnanlands.

VEDUR 4

Tempur – 15 ár á Íslandi



Frábær afmælistilboð í júlí



Skuldir ríkisins tvöföld landsframleiðsla

Erlendar skuldir hins opinbera nema 200 prósentum af vergri landsframleiðslu, samkvæmt nýju mati Seðlabankans sem kynnt var tveimur þingnefndum í gær.

EFNAHAGSMÁL Erlendar skuldir íslenska ríkisins nema 200 prósentum af vergri landsframleiðslu. Inni í þessum tölum eru skuldbindingar ríkisins vegna Icesave-reikninga Landsbankans.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom þetta fram á fundi fulltrúa Seðlabankans með efnahags- og skattanefnd og fjárlaganefnd í gær, þar sem kynnt var nýtt mat á erlendum skuldum hins opinbera.

Unnið var að matinu í Seðlabankanum alla helgina og enn á eftir að hnýta lausa enda hvað

varðar matið. Fulltrúar bankans munu fara á fundi nefndanna aftur í dag og kynna endanlega niðurstöðu eftir frekari vinnu. Hún mun þó ekki breyta upphæðum, samkvæmt heimildum blaðsins, en kynna á skuldastöðuna í dag.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tilkynnti í nóvember að skuldir hins opinbera myndu nema um 160 prósentum af vergri landsframleiðslu á þessu ári. Löngu er ljóst að það mat stenst ekki og hafa tölur um allt að 240 prósent af vergri landsframleiðslu verið nefndar.

Sjóðurinn mun ekki gefa út

formlegt mat fyrr en í ágúst, þegar stjórnarfundur verður haldinn. Því er ekki ljóst hvort það mat er samhljóða mati Seðlabankans.

Mat Seðlabankans á að opinbera eftir nefndarfundina í dag, en þeir verða haldnir nú fyrir hádegi. Á morgun verða þeir kynntir fyrir þingflokki stjórnarflokka.

Gera má ráð fyrir að endanlegt mat á erlendum skuldum þjóðarinnar skipti miklu máli þegar alþingismenn taka afstöðu til frumvarps um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna. Enn er stefnt að því að það komi úr nefndum fyrir helgi.

- kóp



KRÍA Kría hefur gert Bolvíkingum gramt í geði í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Undirskriftum safnað vestra:

Bolvíkingar reiðir kríunni

DÝRARÍKIÐ „Nei, hún er ekki að gera okkur gráhærd. Hún er að gera okkur rauðhærd. Hún heggur og þá rennur rautt,“ segir Halla Signý Kristjánsdóttir, fjármálastjóri Bolungarvíkurkaupstaðs.

Mikil og vaxandi kríubyggð gerir Bolvíkingum sumum gramt í geði. Í versluninni Samkaup Úrval hefur verið settur fram undirskriftalisti sem til stendur að afhenda bæjaryfirvöldum: Að fundin verði leið til að stemma stigu við árasargjarnri kríu sem herjar á útivistarfólk og golfara. Halla Signý segir ekki gott við að eiga því krían sé friðuð.

- jbg / sjá síðu 22



GRÆNLAND Þessir krakkar nýttu miðnætursólinu í Grænlandi til þess að spila fótbolta þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Þau eru í bænum Ilulissat á Grænlandi, sem er einnig þekktur sem Jakobshöfn, en nafnið þýðir Ísjakar á grænlensku. Bærinn er heimili um 4.500 manna og er á heimsminjaskrá Unesco. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sífelld fleiri stunda sjósund: Fyrsta Íslandsmótið haldið

HEILSA Sjósundsmeistarar Íslands í karla- og kvennaflökki verða krýndir á morgun þegar fyrsta Íslandsmótið í sjósundi verður haldið, en gríðarleg aukning hefur orðið á fjölda sjósundsíðkenda á síðustu árum.

Að sögn Hrafnkels Marinóssonar, formanns sjósundsnefndar Sundsambands Íslands, hefur verið rætt um Íslandsmót í sjósundi síðustu tvö ár. „Segja má að þetta hafi komið upp núna í samstarfi Sundsambandsins og Securitas um að synda Ermarisundi.“

Mótið fer fram í Nauthólsvík en syntir verða fjórir kílómetrar eða einn.

- mmf / sjá Allt

Kaupþing í Lúxemborg fær 620 milljónir evra að láni til að borga út innstæður:

Opna bankann með nýju nafni

VIÐSKIPTI Nýr banki hefur tekið yfir starfsemi Kaupþings í Lúxemborg og mun bankinn héðan í frá heita Banque Havilland. Magnús Guðmundsson, sem hefur verið framkvæmdastjóri bankans, heldur áfram störfum sínum.

Magnús segir að bankinn fái 320 milljóna evra lán frá yfirvöldum

í Belgíu og Lúxemborg til þess að greiða út innstæður. Bankinn fær einnig 300 milljóna evra lán frá innstæðutryggingasjóði í Lúxemborg. „Þessi lán hefðu aldrei fengið ef yfirvöld í Belgíu og Lúxemborg hefðu ekki trú á þeim aðilum sem kaupa bankann,“ segir Magnús.

Bankinn er í eigu Rowland-fjölskyldunnar sem á meðal annars fjármálafyrirtækið Blackfish Group. Fjölskyldan mun leggja 50 milljónir evra inn í bankann vegna endurskipulagningar hans, sem hefur staðið yfir undanfarna mánuði.

- þeb / sjá síðu 10

Pappírslaus viðskipti hjá Byr

Viðskiptavinir geta sparað sér þúsundir króna á ári! Frá og með mánaðarmótum júlí/ágúst hætta Byr sparísjóður að senda út með pósti yfirlit reikninga og kreditkorta ásamt greiðsluseðlum lána og kreditkorta. Viðskiptavinir eiga kost á að spara sér þúsundir króna á ári með því að nálgast yfirlitin í heimabankanum. Nánari upplýsingar á www.byr.is

muundu eftir mjólkinni!

Tempur – 15 ár á Íslandi



Árið 1200 FK



JÖRÐIN

Árið 1000




HEY

Árið 1800




GORMAR

Árið 1900




SVAMPUR

Árið 1970




VATN

Árið 1980



LATEX

Árið 1993



TEMPUR®

Í dag



Afmælistilboð í júlí

Yfir 20.000 Íslendingar sofa á Tempur heilsudýnu
Yfir 50.000 Íslendingar sofa á Tempur heilsukodda

Stillanleg heilsurúm

25-30% afsláttur



Tempur heilsurúm

25% afsláttur



Tempur heilsukodda

30% afsláttur



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



FRÁBÆRT SUMARTILBOÐ Á GISTINGU!

Adria Altea 462 PS 2.990.000 kr.
Verð áður 3.390.000 kr. TILBOÐ

Sólarsella
og markísa
að verðmæti
322.000 kr.
fylgir!



Montana-tjaldvagn

ásamt fortjaldi og yfirbreiðslu

890.000 kr.

- | | | | |
|--------------------------|---------|---------------------|----------------|
| • Heildarlengd | 649 cm | • Hámarksburðargeta | 1300 kg |
| • Vagnlengd | 519 cm | • Hámarksfarangur | 220 kg |
| • Heildarbreidd | 229 cm | • Dekkjastærð | 190/70 R15 |
| • Heildarhæð | 253 cm | • Gólfþykkt | 30 mm |
| • Lengd innanmál | 466 cm | • Veggir og loft | 30 mm |
| • Breidd innanmál | 217 cm | • Svefnpláss | 4 |
| • Hæð innanmál | 195 cm | • Rúm að framan | 205x145 cm |
| • Ummál fortjalds | 912 cm | • Rúm að aftan | 192x136-130 cm |
| • Eigin þyngd | 1080 kg | • Fataskápur | já |
| • Tilbúið til brottfarar | 1141 kg | • Salerni | THETFORD |
| | | • Ísskápur | 70 l |
| | | • Miðstöðvarkerfi | TRUMA |
| | | • Vatnshitunarkerfi | TRUMA |
| | | • Affallstankur | 22 l |
| | | • Rafgeymir | 12 V 115 amp |
| | | • Vatnstankur | 40 l |



- | | |
|------------------------------|-----------|
| Heildarlengd | 3,3 m |
| Heildarbreidd | 1,6 m |
| Lengd að innan | 2,4 m |
| Hæð að innan (minnsta hæð) | 1,9 m |
| Breidd að innan | 1,9 m |
| Eigin þyngd | 270 kg |
| Heildarþyngd | 395 kg |
| Burðargeta | 125 kg |
| Veggir, tjalddukur: Ten Cate | 280 g/m2 |
| Gólf, tjalddukur: Ten Cate | 320 g/m2 |
| Dekkjastærð | 13 tommur |



MONTANA

REYKJAVÍK

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500

Opið mánud.-föstud. 10-18, laugard. 10-16

AKUREYRI

Söluaðili: BÍLASALA AKUREYRAR

Freyjunesi 2 • 603 Akureyri • sími 461 2533

 **Ellingsen**

- fullt hús ævintýra

KJÖRKASSINN

Á að endurbyggja Hótel Valhöll á Þingvöllum?

| | |
|-----|-------|
| Já | 43,3% |
| Nei | 56,7% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Hefur þú leitað í Rauðakross-húsið?

Segðu þína skoðun á visir.is

Frumvarp um að slitastjórn SPRON sé heimilt að greiða laun var samþykkt á metttíma í gær:

Slitastjórn greiðir launin í dag

KJARAMÁL Slitastjórn SPRON er nú heimilt að borga laun starfsmanna sinna á uppsagnarfresti. Þetta var samþykkt á Alþingi í gær með öllum greiddum atkvæðum viðstaddra þingmanna. Frumvarpið, sem flutt var af viðskiptanefnd Alþingis, var afgreitt á metttíma. Var það tekið til þriggja umræðna og samþykkt á aðeins tuttugu mínútum.

„Það er ekkert því til fyrirstöðu að þetta verði greitt í dag,“ segir Hlynur Jónsson, formaður slitastjórnar SPRON. Slitastjórnin taldi sér ekki heimilt að greiða út laun til starfsmanna á uppsagnarfresti þar sem lög veittu



ÓSVALDUR OG ÁLFHEIÐUR Ósvaldur Knudsen tekur Álfheiði Ingadóttur, formann viðskiptanefndar, tali en viðskiptanefnd sinni kalli SPRON og breytti lögnum.

aðeins fyrirtækjum í greiðslustöðvun heimild til þess. SPRON fór aldrei í greiðslustöðvun.

„Ég býst við að þetta leysi málið,“ segir Ósvaldur Knudsen, talsmaður fyrrum starfsmanna SPRON, um lögin. Ósvaldur segir að það sé óþarfi að velta fyrir sér hvort slitastjórnin greiði launin eða ekki þar sem hann gerir ráð fyrir að þetta hafi verið lausnin sem þurfti.

„Slitastjórnin kallaði eftir laga-breytingu og ég er feginn að þingmenn hafi sinnt þessari skyldu sinni og gert það sem þurfti til að laga þetta,“ segir Ósvaldur.

- vsp

Fyrrum varaforseti:

Sakaður um skjalaleynd

STJÓRN MÁL Leon Panetta, yfirmaður CIA, sakar Dick Cheney, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna, um að hafa leyt bandaríska þingið mikilvægum skjölum um aðgerðir eftir 11. september.

Dianne Feinstein, þingmaður demókrata, sagði bandarískum fréttamiðlum að Panetta hefði sagt sér þetta í lok júní. Ekki er nákvæmlega vitað hvers eðlis skjölín eru. Repúblikanar hafa sakað demókrata um að með þessum ásökunum reyni þeir að beina sjónum almennings annað meðan vandræðagangur sé innan þeirra raða. Sjálfur hefur Cheney ekki viljað tjá sig um málið.

- vsp

...FALLEG LESNING

...Á EINHVERN ÓÚTSKÝRAN-
LEGAN MÁTA.“

— Kolbrún Skaftadóttir

Laura og Julio

Gunnar Hersveinn er hamingjusamur neon-lesandi sem mælir óttalaus með bókinni Laura og Julio eftir Juan José Millás í þýðingu Hermanns Stefánssonar.

facebook

www.bjartur.is

PHILIPS

Hleðslutæki með innbyggðri rafhlöðu

Hleður síma, iPod og myndavélar

- Rafhlöðan endist í allt að 15 tíma. Hentar vel í útileguna, sumarbústaðinn og í ferðalagið. Þú stingur símanum eða iPod í samband við Power2Charge og hleður af rafhlöðunni
- 6 millistykki fyrir t.d. síma, iPod, myndavélar og önnur 5V tæki
- Snúran er í litlu handhægu kefli
- Millistykki geymd í gúmmibandi
- Ferðapoki

Hótelkeðja hefur áhuga á Þingvöllum

Fosshótel hefði mikinn áhuga á hótelrekstri á Þingvöllum. Erna Hauksdóttir segir eðlilegt að hótel rísi í jaðri þjóðgarðsins. Sveitarstjóri telur hótelrekstur eiga rétt á sér á svæðinu. Icelandair-hótelin hafa ekki áhuga á rekstri þarna.

VIÐSKIPTI Fosshótel hefði mikinn áhuga á því að reisa hótel á Þingvöllum ef það stæði til boða, að sögn Þórdar B. Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Fosshótel.

„Þingvellir eru óviðjafnanleg staðsetning. Í mínum huga skiptir ekki öllu máli hvar hóteli myndi rísa heldur er bara mjög eftirsóknarvert að vera með hótel á Þingvöllum, hvar sem það yrði,“ segir Þórdur.

Mikið hefur verið rætt um hugsanlegan áframhaldandi hótelrekstur á Þingvöllum eftir bruna Hótel Valhallar á föstudag. Fosshótel skoðaði Hótel Valhöll árið 2005 þegar ríkið ætlaði að bjóða reksturinn út, að sögn Þórdar. Hins vegar ákvað hótelkeðjan að stíga ekki inn í reksturinn. Ástæðan var að húsið var nánast ónýtt, að sögn Þórdar, eins og skýrsla frá

2006 staðfestir. „Það hefði þurft að fara í svo kostnaðarsamar aðgerðir að við vildum ekki vera með,“ segir Þórdur.

Þórdur segir, að þrátt fyrir að Þingvellir séu kjörstaðsetning, skilji hann mætavel þau sjónarmið að menn vilji almennt ekki framkvæmdir í þjóðgarðinum. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur verið á heimsminjaskrá UNESCO frá 2004. Vegna sérstöðu þjóðgarðsins þarf tilskilin leyfi til framkvæmda við hann.

Icelandair-hótelkeðjan, sem meðal annars rekur Eddu-hótelin, hefur ekki áhuga á að byggja hótel



HÓTEL VALHÖLL Hótelið brann til grunna síðasta föstudag en hótel hafði verið á staðnum frá 1898.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



FOSSHÓTEL Í REYKHOLTI Hótelkeðjan hefði mikinn áhuga á því að reka hótel á Þingvöllum enda „óviðjafnanleg staðsetning“ að sögn framkvæmdastjóra Fosshótel.

í þjóðgarðinum, að sögn Magneu Þóreyjar Hjálmaradóttur, framkvæmdastjóra hótelkeðjunnar.

Hún segir þau vera með hótel rétt við þjóðgarðinn, Hótel Hengil, sem þau séu sátt við, „enda frábær staðsetning“, að sögn Magneu.

„Ég á ekki von á að hótel verði reist á rústum Hótel Valhallar,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustu. Hún segir eðlilegra, að ef ráðist verði í byggingu hótels yrði það gert í jaðri þjóðgarðsins.

Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, þess sveitarfélags sem Þingvellir tilheyra, segir að menn verði að skoða hver sé heppilegasti staðurinn fyrir hótel. Hann telur hótelrekstur eiga fullan rétt á sér á þessu svæði.

vidirp@frettabladid.is

Kínverskir lögreglumenn skutu tvo Úígúra í gær:

Arabaríki geta ekki gagnrýnt

KÍNA, AP Tveir Úígúrar létu lífið í gær og sá þriðji særðist af völdum byssuskota frá lögreglunni, sem sagðist hafa verið að verjast árás. Kínversk vitni segja að mennirnir þrír hafi hlaupið í áttina að hópi lögreglumanna vopnaðir hnífum í Urumqi, höfuðborg Xinjiang-héraðs.

Tugir þúsunda lögreglumanna og hermanna eru í borginni til að koma þar á ró og friði með ströngu eftirliti eftir að hundruð manna féllu í átökum í síðustu viku.

Úígúrar, sem eru múslimar, hafa lengi verið ósáttir við framgöngu Han-Kínverja í Xinjiang-héraði og þær hömlur sem settar eru á trúaríðkun þeirra.

Tyrknesk stjórnvöld hafa líkt atburðum síðustu daga við þjóðarmorð og Íransstjórn hefur sömuleiðis gagnrýnt Kínverja, en gagnrýni frá múslimaríkjum araba hefur helst komið frá ófgahópum múslima.

Labib Kamhawi, stjórnmálaskýrandi í Jórdaníu, segir ástæðu þess vera augljósa: „Þau geta ekki gagnrýnt árásir á kínverska múslima vegna þess að þau eru sjálf engin lýðræðisríki. Þau sitja við sama borð og kínverska stjórnin.“



UPPBÝGGING HEFST Lífið er hægt og rólega að komast í skorður á ný.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lífið í Urumqi er hægt og rólega að komast í skorður á ný. Fleiri götur hafa verið opnaðar og búðareigendur eru farnir að opna verslanir sínar á ný.

- gb



Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugðið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemningu sem þú vilt.



GRILLAÐAR LAMBAKÓTILETTUR - SUMARSMELLUR MEÐ HIMNESKRI GRILLSÓSU

12 - 14 kótilettur (3-4 kótilettur á mann) • 3 msk hunang • 3 msk balsamik edik • 2 dl Pasific Papaya Hot Spot sósa eða Mango Jalapeno Hot Spot sósa.

Þiskið hunang, edik og Hot Spot sósu saman í skál. Leggið kótiletturarnar á heitt grillið, penslið kjötið með sósunni þegar einungis 4 - 5 mínútur eru eftir af elduninni á kjötinu, þá mun sósan brúnast aðeins og taka í sig smá reykjarbragð. Algjör sumarsmellur - þú verður að prófa!

Himnesk grillsósa:

Blandið afganginum af grillsósunni saman við sýrðan rjóma - himnesk grillsósa.

Borið fram með bakaðri kartöflur, salati og himneskri sósu - njótið vel!

Matreiðsluþættir líka á netinu - lambakjot.is

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... EINFALT

ÓDÝRT Í HAGKAUP



RESTAURANT STYLE
HAMBORGARAR

527 kr/pk.

Merkt verð 659.-



GRÍSA
HNAKKASNEIDAR

1.048 kr/kg.

Merkt verð 1.398.-



JENSENS
BBQ SVÍNARÍF

1.599 kr/pk.



LÍNU ÝSA
ROD- OG BEINLAUS

689 kr/kg.

Gildir til 19. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Tólf ára strákur var dreginn út sem fyrsti vinningshafi Draumaliðs Pepsi:

Skóli hjá Manchester í verðlaun

ÍPRÓTTIR Viktor Orri Pétursson, 12 ára, var dreginn út sem fyrsti vinningshafi í leik Draumaliðs Pepsi í gær. Verðlaunin eru knattspyrnuskóli hjá Manchester United, ásamt flugi, gistingu og fæði. Dregið verður 13 sinnum til viðbótar, eftir hverja umferð í Pepsi-deild karla.

Draumalið Pepsi er fótbolta-skiptimyndir af öllum leikmönnum Pepsi-deildar karla sem og landsliðum kvenna og karla.

„Fyrirkomulagið er þannig að fótbolta.net birtir einu sinni í viku lið umferðarinnar í íslensku deildinni. Ef börn eiga átta af þeim ellufu sem eru í liðinu geta þau sent

myndirnar inn og einn heppinn er svo dreginn út,“ segir Jóhann Jóhannsson hjá Draumaliði Pepsi.

Draumaliðið er með býttimíðstöð í húsakynnum sínum, Ármúla 18, þar sem börn geta komið og býttað. „Þá þurfa þau ekki að kaupa sér marga pakka til að vera með draumaliðið. Í staðinn geta þau komið hingað og býttað þar til þau eru með liðið,“ segir Jóhann.

Í lok tímabilsins, í október, verður svo einn heppinn dreginn út sem fær miða á leik í Meistaradeild Evrópu, ásamt foreldrum.

- vsp



VIKTOR OG JÓHANN Viktor Orri Pétursson ásamt Jóhanni Jóhannssyni hjá Draumaliði Pepsi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



UNDIRRITUN AFSTAÐIN Jose Manuel Barroso, framkvæmdastjóri ESB, ásamt forsætisráðherrunum Gordon Bajnai frá Ungverjalandi, Werner Fayman frá Austurríki, Recep Tayyip Erdogan frá Tyrklandi, Sergei Stanishev frá Búlgaríu og Emil Boc frá Rúmeníu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Evrópuríki semja um gas við Tyrki

Ný gasleiðsla kemur í veg fyrir að deilur Úkraínu og Rússa valdi húskulda á vetrarmánuðum í Austur-Evrópu. Jose Manuel Barroso segir samninginn styrkja tengsl Tyrklands og Evrópusambandsins. Samningur undirritaður í gær.

TYRKLAND, AP Fjögur Evrópusambandsríki undirrituðu í gær samning við Tyrkland um nýja gasleiðslu frá Kákasuslöndunum til Evrópu. Með þessu opnast sá möguleiki að Evrópuríki verði ekki jafn háð Rússlandi um gas og verið hefur.

Nabucco-gasleiðslan, eins og hún hefur verið nefnd, verður 3.300 kílómetra löng og getur flutt allt að 31 milljarð rúmmetra af jarðgasi á ári. Gangi allt áfallalaust verður hún tekin í notkun árið 2014.

„Nabucco mun veita Tyrklandi, Suðaustur-Evrópu og Mið-Evrópu orkuöryggi,“ sagði Jose Manuel Barroso, framkvæmdastjóri Evrópusambandsins, þegar samningurinn var undirritaður við hátíðlega athöfn í Tyrklandi í gær.

Fyrst í stað verður samið um flutning á jarðgasi frá Aserbaidsjan, en síðar er vonast til að jarðgas komi frá öðrum löndum í Mið-Asíu og Austurlöndum nær.

Nú er staðan sú að meira en fjórðungur af því jarðgasi, sem notað er í Evrópu, kemur frá Rússlandi, og áttatíu prósent af því eru flutt um gasleiðslur sem liggja yfir Úkraínu.

Síðastliðinn vetur urðu deilur milli Rússa og Úkraínnumanna til þess að Úkraínnumenn skrifðu fyrir gasið frá Rússlandi til Evrópu, með alvarlegum afleiðingum í sumum Mið-Evrópuríkjum, þegar húshitun brást á köldustu vetrarvikunum.

Samningur um Nabucco-gasleiðsluna

Hugmyndin er að allt upp í 31 milljarð rúmmetra af jarðgasi verði fluttur á ári hverju frá austanverðu Tyrklandi til Evrópu, alls um 3.300 kílómetra leið.



Ekki er þó ætlunin að útiloka Rússa frá markaðnum, heldur er hugmyndin fyrst og fremst sú að jarðgas til Evrópuríkja komi frá fleiri aðilum. Til greina kemur einnig að hluti af gasinu, sem kemur frá Rússlandi, verði fluttur um Nabucco-leiðsluna.

Rússar hafa síðan eigin áform um að leggja nýja leiðslu frá Rússlandi yfir Svartahaf, sem getur flutt gas til Búlgaríu, Rúmeníu, Ítalíu og fleiri Evrópuríkja.

Barroso lagði þó í gær einkum áherslu á að framkvæmdin komi til með að styrkja samband Tyrklands við Evrópusambandið.

„Ég tel að þegar fyrsta gasið fer að streyma, og sumir sérfræðingar hafa sagt að það geti orðið strax árið 2014,“ sagði Barroso, „þá muni þessi samningur opna dyrnar að nýju tímabili í samskiptum Evrópusambandsins og Tyrklands.“

gudsteinn@frettabladid.is



GÁMASALA

ALLT Á AÐ SELJAST

FULLUR GÁMUR AF GLÆNÝJUM
MONGOOSE ALVÖRU FJALLAHJÓLUM Á
ÓTRÚLEGUM VERÐUM!

AÐEINS Í ÖRFÁA DAGA

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

BESTU TILBOÐIN KLÁRAST FYRST!

ALVÖRU FJALLAHJÓL Á DÚNDUR VERÐI.

GAP

WWW.GAP.IS

FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7

S: 5200 200 • MÁN - FÖS. KL. 9-18. • LAU. KL. 11-16

MONGOOSE



HEGRAR AÐ LEIK Tveir hvítir hegrar vöktu athygli áhorfenda á krikketleik í Kingstown í Jamaíku í vikunni.

NORDICPHOTOS/AFP

Skipulagsstofnun segir áhrif af 2+2 vegi með mislægum gatnamótum mest:

Minnst áhrif af 2+1 vegi

UMFERÐARMÁL Skipulagsstofnun hefur gefið það út að minnst umhverfisáhrif verði vegna breikkunar Suðurlandsvegur, verði vegurinn þrjár akreinar; svokallaður 2+1 vegur. Þetta kemur fram í mati stofnunarinnar sem kom út í gær.

Þar segir að neikvæðustu umhverfisáhrifin verði vegna lagningar 2+2 vegar með mislægum gatnamótum. Slíkur vegur veður langmestu röskuninni og felur í sér verulega neikvæð áhrif á nútímahraun og búsvæði fugla. „Áhrif svo umfangsmikillar breikkunar hefur í för með sér talsvert neikvæð áhrif á gróður,

landslag, fornminjar og útivist,“ segir í skýrslunni.

Skipulagsstofnun mat áhrifin af því að tvöfalda eða aðskilja akstursstefnuna um Suðurlandsveg frá Hólmsá austur að Hveragerði. Allir kostirnir hafi jákvæð áhrif á umferðaröryggi.

„Verði valinn umfangsminni kostur við tvöföldun vegarins verða umhverfisáhrif hans minni. Skipulagsstofnun telur að áhrif 2+2 vegar með vegamót í plani muni hafa talsvert neikvæð áhrif á nútímahraun en minni áhrif á lífríki, landslag, útivist, hljóðvist og fornminjar heldur en 2+2 vegur með mislægum vegamótum.“ - kóp



SUÐURLANDSVEGUR Skipulagsstofnun hefur komist að því að minnst umhverfisáhrif yrðu af breikkun vegarins um eina akreina; í svokallaðan 2+1 veg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Norrænn loftslagsdagur:

Menntun í loftslagsmálum

UMHVERFISMÁL Efnitendur til samkeppni um athyglisverð verk efni á sviði loftslagsmála hjá leik- og grunnskólabörnum á Norðurlöndunum í tengslum við Norræna loftslagsdaginn sem haldinn verður 10. október.

Í desember verður loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna haldin í Kaupmannahöfn. Þar er gert ráð fyrir að Norðurlöndin kynni aðgerðir um menntun til sjálfbærrar þróunar með áherslu á loftslagsmál. Samkeppninni er ætlað að auka umhverfisvitund á meðal skólaborna. Þá verður haldin stuttmyndakeppni fyrir aldurshópin 15 til 19 ára. - kóp

NÝ ÚTGÁFA af rúðupurrkum frá **TRICO**

TRICO
Rúðupurrkur
NeoForm. Ný þurrkublöð frá Trico

Lögmenn orðnir yfir 800:

Fjórðungur lögmanna konur

ATVINNA Konum hefur fjölgað í lögmennastéttinni undanfarin ár og er hlutfall þeirra komið í 25,4 prósent, samanborið við 14,9 prósent árið 1999. Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði Lögmannafélagsins.

Fjöldi félagsmanna Lögmannafélags Íslands er nú 804. Héraðsdómslögmenn eru 544 og hæstaréttarlögmenn 260. Af þessum lögmönnum eru 350 sjálfstætt starfandi og 141 lögmáður fulltrúi sjálfstætt starfandi lögmanna.

Innanhúslögmenn hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum eru 266, þar af 81 hjá hinu opinbera og 185 hjá fyrirtækjum, þar af 112 hjá bönkunum. 47 lögmenn stunda ekki lögmennsstörf sökum aldurs eða sjúkleika.

- vsp



KAUPÞING Í LÚXEMBOURG Nýr banki hefur tekið yfir starfsemi kaupþings í Lúxemborg og mun bera nafnið Banque Havilland. Nýi bankinn er í eigu Rowland-fjölskyldunnar sem á meðal annars Blackfish Group.

Nýjum banka fagnað með veisluhöldum

Rowland-fjölskyldan hefur keypt Kaupþing í Lúxemborg. Farsæl niðurstaða, segir Magnús Guðmundsson, sem verður áfram framkvæmdastjóri bankans. Bankastjóri Northern Rock sest í stjórn bankans.

VIÐSKIPTI Nýr banki hefur tekið við Kaupþingi í Lúxemborg. Bankinn mun bera nafnið Banque Havilland. Bankinn er í eigu Rowland-fjölskyldunnar sem á meðal annars fjármálafyrirtækið Blackfish Group. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá hinum nýstofnaða banka.

Magnús Guðmundsson kemur til með að vera framkvæmdastjóri hins nýja banka en hann var einnig við stjórnvölinn fyrir sölu hans. Hann segir að bankinn fái 320 milljóna evra lán frá yfirvöldum í Belgíu og Lúxemborg til að greiða innstæður. Auk þess sem bankinn fær lán frá innstæðutryggingasjóði í Lúxemborg að fjárhæð 300 milljónir evra. „Þessi lán hefðu aldrei fengist ef yfirvöld í Belgíu og Lúxemborg hefðu ekki trú á þeim aðilum sem kaupa bankann,“ segir Magnús.

„Innstæðueigendur Kaupþings í Lúxemborg fá innstæður sínar greiddar að fullu en aðrir kröfuhafar fá 82,5 prósent af upphaflegri kröfu.“ Meðal innstæðueiganda eru Íslendingar sem fá greiddar innstæður að fullu líkt og aðrir kröfuhafar.

Magnús segir að Rowland-fjölskyldan leggi bankanum til 50 milljónir evra vegna endurskipulagningar hans. Þrjú fjölskyldumeðlimir hafa þegar hafið störf hjá bankanum, þar á meðal mun Jonathan Rowland setjast í stjórn félagsins. Stjórnarformaður hins nýja félags er Martyn König sem hefur starfað fyrir fjölskylduna í ellefu ár. Auk þess mun Gary Hoffman bankastjóri Northern Rock taka sæti í stjórn bankans. Hoffman var skipaður í það embætti af breska ríkinu við fall bankans á síðasta ári.



MAGNÚS GUÐMUNDSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI BANQUE HAVILLAND

FRAMKVÆMDASTJÓRI BANQUE HAVILLAND

Magnús segir að það farsæla niðurstöðu að Rowland-fjölskyldan hafi keypt bankann. Endurskipulagningin hafi tekið níu mánuði og einn dag og þar hafi reynt á allt sem hugsanlega er hægt að reyna á í endurskipulagningu félags, þar sem öðruvísi var haldið á málum í Lúxemborg en á Íslandi. Hann bendir á að neyðarlög voru sett á Íslandi en í Lúxemborg þurfti að vinna með öllum kröfuhöfum til að finna lausn sem þeir gætu sæst á í stað setningar neyðarlaga. Mikil ánægja ríkir í Belgíu með þessa niðurstöðu mála og var forsvarsmönnum hins nýja banka, Magnúsi auk forsætisráðherra Belgíu boðið til veislu þar sem niðurstöðu málsins var fagnað.

Í tilkynningu frá bankanum kemur fram að bankinn komi til með að einbeita sér að auðugum viðskiptavinum frá Evrópu, Mið-Austurlöndum og Asíu. Bankinn mun áfram veita hefðbundna bankþjónustu til núverandi og nýrra viðskiptavina auk þjónustu á sviði eignastýringar og einkabankþjónustu. Rowland-fjölskyldan hefur verið viðloandandi fjárfestingar og fjármálaumsýslu í um 45 ár. bita@frettabladid.is

Ráðstefna um aukakíló lífsstíl og heilsu

Staður:
Grand Hótel Reykjavík
miðvikudaginn
15. júlí
kl. 18.00-20.00

Fundarstjóri:
Sigrún Kjartansdóttir
framkvæmdastjóri
Detox ehf.

Verð:
Kr. 2.000

Skráning:
detox@detox.is
eða í síma 512 8040

detox
jónínu ben

Fyrirlesarar:

Dr. Agneska Lemanczyk
innkirtlasérfræðingur frá Póllandi mun segja frá mikilvægi Detox föstu sem fyrirbyggjandi og læknanandi meðferðar.

Chad Keilen
Colon Hydrotherapist, einkaþjálfari og nuddari mun tala um hlutverk ristilsins, ristilskolun og jákvæð áhrif skolonar á heilsufar.

Jónína Benediktsdóttir
Detox ráðgjafi og íþróttfræðingur mun kynna niðurstöður nýrrar rannsóknar um áhrif Detox-meðferða á hundruð Íslendinga á undanföllum árum.

Einkaviðtöl við Dr. Agnesku Lemanczyk bókuð í síma 512-8040

Allir velkomnir

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 11 **Velta:** 4,2 milljónir
OMX ÍSLAND 6
 749,49 **+0,49%**

MESTA HÆKKUN **MESTA LÆKKUN**
 ↑ **BAKKAVÖR** 10,40% ↓ **ÖSSUR** -0,44%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 4,50 +7,14% ... Atlantic Airways 159,00 0,00% ... Atlantic Petroleum 475,00 +0,00% ... Bakkavör 1,38 +10,40% ... Eik Banki 80,00 +0,00% ... Føroya Banki 119,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,75 +0,00% ... Marel Food Systems 54,20 +0,00% ... Össur 113,50 -0,44%

viðskipti
 Umsjón: MARKAÐURINN **nánar á visir.is**

Telja Valitor hafa misnotað markaðsstöðu sína

Kortabjónustan hefur sent kvörtun til Samkeppniseftirlitsins vegna margvíslegra og ítrekaðra brota Valitors á samkeppnislögum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Kortabjónustunni. Kvörtunin snýr að misnotkun á markaðsráðandi stöðu, til dæmis með sértækum verðlækkunum, ólögum samtvinnun á þjónustubáttum og ómálefnalegri beitingu hópaðildarfyrirkomulags. „Ekki er nema eitt og hálf ár síðan Valitor, Borgun og Fjölgreiðslumiðlun náðu sáttum við Samkeppniseftirlitið um greiðslu á 735 milljóna króna sektum, þar sem fyrirtækin viðurkenndu langvarandi og víðtæk samkeppnislögreglu“, segir Jóhannes

Ingi Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Kortabjónustunnar. „Sem markaðsráðandi aðili má Valitor ekki lækka gjaldskrá með því að lækka verð til einstakra aðila. Við höfum upplýsingar frá viðskiptavinum okkar og verðandi viðskiptavinum um að svo sé,“ segir Jóhannes. Í upphafi mánaðarins var gerð húsleit hjá Valitor eftir að athugasemdir bárust frá öðrum samkeppnisaðila, Borgun. Í fréttatilkynningu frá Valitor segir að þeir telji að kvörtun Kortabjónustunnar eigi ekki við rök að styðjast enda hafi fyrirtækið fylgt í hvívetna fyrirmælum laga og reglna um hegðun á markaði.



TELUR VALITOR BRJÓTA SAMKEPPNISLÖG Jóhannes Ingi Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Kortabjónustunnar, segir að Valitor sé byrjað að stunda sömu viðskiptahætti og það var sektað fyrir af Samkeppniseftirlitinu fyrir um ári síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Bjóða 125 prósentá lán

Byggingafélagið og lánveitandinn Nationwide hefur ákveðið að bjóða núverandi viðskiptavinum sínum allt að 125 prósentá lán ef þeir hafa hug á að skipta um íbúð.

Lánið er einungis í boði til viðskiptavina þar sem hrein eign er neikvæð, sem gerist þegar lán áhvílandi á íbúð lántakenda er meira virði en markaðsvirði heimilis viðkomandi. Lánið bætist við það lán sem fyrir er, en að hámarki 25 prósent af markaðsvirði nýju eignarinnar.

Talsmaður fyrirtækisins segir í viðtali við BBC að lánið hafi fyrst verið boðið í síðasta mánuði og eigi að hjálpa afar takmörkuðum hópi viðskiptavina. Hann segir einnig að lánið sé ekki aðgengilegt öllum viðskiptavinum félagsins og þeir þurfi að gangast undir áreiðanleikapróf. - bpa



VINSÆLIR MEDAL FALSARA 20 evru seðillinn oftast gerður upptækur.

Fleiri falsaðir seðlar í umferð

Á fyrri hluta árs 2009 voru 413 þúsund falsaðir evruseðlar teknir úr umferð. Er þetta aukning um sautján prósent frá fyrra ári. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Seðlabanka Evrópu.

Í tilkynningunni segir að ekki sé um nýja flokka falsaðra seðla að ræða heldur sé verið að dreifa fyrri útgáfum falsaðra seðla í auknum mæli. Þess ber að geta að um 12.500 milljarðar seðla eru í umferð á evrusvæðinu. Sá seðill sem oftast hefur verið handlagður er 20 evru seðillinn, í 48,5 prósent tilvika. Næstur er 50 evru seðillinn, í 34 prósent tilvika. Athyglisvert er að sjaldnast voru 5 evru og 500 evruseðlar teknir úr umferð eða um 0,5 prósent í hvoru tilviki af heildarfjölda handlagðra seðla. - bpa

Varar við mikilli bjartsýni

Pascal Lamy, framkvæmdastjóri alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO varar við of mikilli bjartsýni og segir að langt sé frá því að kreppunni sé að ljúka.

Hann bendir á að merki sé um að mörg þróunarlönd og nýmarkaðsríki séu nú að finna fyrir kreppunni af fullum krafti.

Lamy segir jafnframt að staðan sé ákaflega viðkvæm um þessar mundir enda hafi viðskipti milli landa aldrei dregist jafn mikið saman og á síðustu mánuðum. - bpa

© Inner IKEA Systems B.V. 2009



ÚTSALAN Í FULLUM GANGI!

Opið alla daga 11-19 | Veitingastaður opinn 9:30-18:30 | www.IKEA.is

ÚTSALAN

9. júlí - 1. ágúst



ROPE YOGA-NÁMSKEIÐ fyrir byrjendur hefst í Rope Yoga-setrinu á morgun. Í rope yoga er athygli, öndun og áttak undirstaða þjálfunar með áherslu á uppbyggingu og aðgang að vöðvum og brennslu hitaeyninga. Sjá www.ropeyogasetrid.is.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Eirberg

Viðurkenndar stuðningshlífar í úrvali

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



Á námskeiðinu lærði Eðvald meðal annars að lesa í látbragð ungabarna til að skilja betur þarfir þeirra. Hér eru hann og kona hans Hildur ásamt börnunum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Vertu liðtækur

Glucomed 625 mg

Glucomed inniheldur glúkósamín

Ekki má nota Glucomed:
 - ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnum eða skelfiski
 - ef þú ert undir 18 ára
 - ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti

Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.

Tvær töflur á dag til að draga úr einkennum.

Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá

Kærleiksríkt heimilishald

Eðvald Einar Stefánsson sótti nýverið foreldranámskeið, sem hjálpar meðal annars við að undirbúa foreldra undir hlutverk sitt og bæta samskiptin þegar nýr einstaklingur kemur á heimilið.

„Þarna er í raun verið að hjálpa þörum að styrkja sambandið og búa þau undir eitt mikilvægasta hlutverk lífs síns, foreldrahlutverkið,“ segir Eðvald Einar Stefánsson, upplendis- og menntunarfræðingur hjá umboðsmanni barna, sem ásamt eiginkonu sinni Hildi Guðrúnu Hauksdóttur kennara, sótti nýlega foreldranámskeið á vegum ÖB-ráðgjafar.

Eðvald og Hildur eiga þrjú börn, þar af þrjú ára dreng og fjögurra mánaða stúlku og þótt bæði hafi viðtæka reynslu af uppleldi ákváðu þau að bæta enn við kunnáttu sína.

„Ég lærði til dæmis að lesa betur í látbragð ungabarna, einfaldlega til að geta skilið þau og þeirra þarfir betur, bæði sálrænar og tilfinningalegar,“ segir Eðvald um reynslu sína af námskeiðinu,

sem kallast Barnið komið heim. „Nú svo var áhersla lögð á að leyfa feðrum að taka mjög virkan þátt í upplidinu, en auðvitað er mikilvægt að börn eigi í góðu sambandi við báða foreldra. Feðurnir þurfa að vera börnunum sínum góð fyrirmynd; þau verða að fá tíma til að samsama sig þeim ekki síður en mæðrum sínum,“ bendir hann jafnframt á.

Eins og fyrr sagði er markmið námskeiðsins meðal annars að kenna þörum að styrkja sambandið, sem Eðvald segir afar mikilvægt og þá sérstaklega fyrstu þrjú árin. „Þá er samband foreldranna hvað brothættast, einkum ef um frumburð er að ræða. Nýr einstaklingur er kominn inn á heimilið og skyndilega færast athyglin eðlilega yfir á hann og foreldrarir gleyma þá gjarnan

að rækta hvort annað. Í sumum tilvikum verður nándin hornreka. Þirrings fer síðan að gæta í samskiptum foreldranna. Þess vegna er mikilvægt að foreldrar gefi sér tíma saman, minnst einu sinni í viku til að ræða málin, efla vinnu og leysa ágreining á árangursríkan hátt,“ útskýrir Eðvald og segir þá aðferð hafa reynst þeim hjónunum afar vel.

Mikilvægt þykir honum að námskeiðið hafi verið þróað af hjónunum John og Julie Gottman sem byggja það bæði á vísindalegum grunni auk eigin reynslu. „Margir ganga í gegnum þetta og ekki er verra að auðvelda manni það með því að sækja sér fróðleik í reynslu annarra,“ segir hann. „Tilgangurinn er að gera heimilishaldið kærleiksríkt svo öllum líði vel á heimilinu.“ roald@frettabladid.is

1

-15%

SMURVINNA

afsláttur af vinnu við smur!

2

Tilboð

BÓN OG ÞVOTTUR

Alþrif og teflonbón á tilboðsverði!

3

-15%

DEKK

afsláttur af sumardekkjum og jeppadekkjum!

BÍLKÓ

Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

ATH. OPID Á LAUGARD. KL. 10-14



ALLT FYRIR ÚTÍHÁTÍÐINA OG PARTYIÐ

Glow & BLIKK

Pantanir: www.hafnarsport.is og 661 3700

FLOTT Í SUMAR...
með Slendertone
dömu/herra belti

Flex Max kr. 24.900,- Flex kr. 19.950,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - fri heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið



Fyrsta Íslandsmótið í sjósundi fer fram í Nauthólsvík á morgun klukkan fimm.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Matargerð með ástúð og virðingu
Krúska er matstofa og verslun.
Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð. Úrval af ferskum, framandi réttum og lífrænum vörum.
Verið velkomin!
KRÚSKA
VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG

KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is

Íslandsmót í fyrsta skipti

Fyrsta Íslandsmótið í sjósundi verður haldið í Nauthólsvík á morgun en iðkendur þess hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Mótið hefst klukkan 17 og verða tvær vegalengdir í boði.

„Synda á tvær vegalengdir, einn kílómetra og fjóra,“ segir Hrafnkell Marínósson, formaður sjósundsnefndar Sundsambands Íslands, um fyrsta Íslandsmótið í sjósundi sem fer fram í Nauthólsvík á morgun en sigurvegarar verða krýndir Sjósundmeistarar Íslands í karla- og kvennaflokki. Er mótið haldið í samvinnu við Sundsamband Íslands og Securitas og hafa um fjörutíu skráð sig til þátttöku en skráningarfrestur rennur út á miðvikudag.

Hrafnkell segir að mikið hafi verið rætt um Íslandsmót í sjósundi síðustu tvö árin. „Segja má að þetta hafi komið upp úr samstarfi Sundsambandsins og Securitas um að synda Ermarsundið. Rætt var um og ákveðið að kýla á það núna,“ segir Hrafnkell þegar hann

er inntur eftir ástæðum þess að ákveðið var að halda sjósundmót núna. Sex Íslendingar ætla að boðsynda Ermarsundið í september. „Við hugsuðum með okkur að þetta væri stórfínt tækifæri vegna almenns áhuga á sjósundi.“

Hrafnkell segir mikið hafa verið að gerast í sjósundi síðastliðin fimm ár. „Þá voru fimmtán til tuttugu einstaklingar að synda í sjónum en nú hefur fjöldinn margfaldast,“ upplýsir hann og bætir við að sjósundiðkendum séu orðnir um tvö hundruð og að aukninguna megi rekja til aukins aðgengis að ylströndinni í Nauthólsvík.

Hrafnkell segir sjósund efla ónæmiskerfið, blóðflæðið og að húðin verði heilbrigðari. En þurfa þátttakendur Íslandsmótsins að vera í mjög góðri þjálfun? „Þeir

sem eru búnir að iðka þetta lítilla í vetur og eru í þokkalegu standi geta tekið þátt. Margir þríþrautarkeppendur ætla að taka þátt og þeirra á meðal eru Steinn Jóhannsson sem tók þátt í Ironman og Heimir Örn Sveinsson sem er sigurstranglegur í fjögurra kílómetra sundinu,“ segir hann.

Hver er framtíð Íslandsmóta í sjósundi á Íslandi? „Að ári erum við að vonast til þess að fá leyfi til að kalla þetta Íslandsmeistaramót. Þetta er Íslandsmót því það er ekki á dagskrá Sundsambandsins og þarf að vera skipulagt með betri fyrirvara, þótt við höfum ætlað okkur að halda þetta í tvö ár hefur það aldrei farið á koppinn fyrir en nú.“

martaf@frettabladid.is

ALLT

512 5447
auglýsingasími

ALLT

512 5473
AUGLÝSINGASÍMI

Að fá sér heyrnartæki hefur ekkert með aldur að gera

Betri heyrn Bætt lífsgæði

... heldur snýst það um að vera snjall!

Öruggasta leiðin til að líta út fyrir að vera eldri er að gera ekkert þegar heyrnarskerðing er orðin að veruleika. Með DUAL, nýjasta heyrnartækinu frá Oticon, þá hefur aldrei verið jafn þægilegt og auðvelt að nota heyrnartæki. Í fyrsta sinn eru nú komin tæki sem sameina ótvíræða kosti glæsilegs útlits og fullkomna hljómgæða. DUAL er ósýnilegt bakvið eyra þannig að aðrir geta ekki séð að þú ert með heyrnartæki.

En þú munt svo sannarlega finna muninn!

Taktu ákvörðun um að heyra betur!
Pantaðu tíma í fría heyrnarmælingu í síma 568 6880 og prófaðu Dual

Heyrnartækni

Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Þjónusta á landsbyggðinni | sími: 568 6880 | www.heyrnartækni.is

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

notaðir bílar

ÞRIÐJUDAGUR 14. JÚLÍ 2009

Góður ferðafélagi

Davíð Þór Jónsson heldur upp á gamlan Suzuki Foxjeppa.

SÍÐA 2



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VIÐ ERUM FLUTTIR AÐ
DALVEGI 16a

Við getum einnig séð um allar smáviðgerðir fyrir þig, við skiptum um bremsuklossa, rúðupurrkublöð, ljósaperur ofl.



Shell
HELIX



Smurstöðin Stórahjalla ehf. - Dalvegi 16a - 201 Kópavogi - Sími: 554 3430 - www.smurstodin.is

Fjárskjól fyrir fornbílaeigendur

Áhugi á fornbílum hefur aukist á síðustu árum og hefur þeim fjölgað sem kaupa sér slíkar bifreiðar. Hins vegar getur stundum verið snúið að finna í þá hentuga varahluti.

„Við erum með geymslu í Esjumel í Mosfellsbæ þar sem við höfum opið flesta sunnudaga frá klukkan 13 til 15 þar sem hægt er að koma og skoða varahlutina sem við eigum. Þetta er allt unnið í sjálfboðavinnu,“ segir Þorgeir Kjartansson, formaður varahlutanefndar Fornbílaáskrárinnar.

Hann bætir við að Fornbílafélagið muni halda sérstakan varahlutadag í haust, nánar tiltekið 27. september. „Þá verður opið lengur hjá okkur og fornbílar verða hafðir til sýnist á svæðinu,“ útskýrir hann.

„Annars er hægt að nálgast lista yfir varahluti á heimasíðu Fornbílaáskrárinnar. Svo er algengt að menn kaupir hlutina erlendis frá,“ segir Þorgeir.

Nánari upplýsingar á heimasíðunni www.fornbill.is.

- hds



Gamall bíll verður fornbíll við 25 ára aldur samkvæmt lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Vegna skorts á varahlutum segjast bílapartasalar nýta betur hluti úr bílum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Breyttar áherslur í bílapartasölu hérlandis

Í góðærinu keyptu sér margir nýja bíla í stað þess að halda þeim gömlu við og samhliða því tók bílapartasölum að fækka. Þeim fjölga nú hins vegar aftur með tilkomu krepunnar.

„Bílapartasölum var farið að fækka en það eru komnir fleiri núna í atvinnuleysinu að reyna að bjarga sér,“ segir Hjálmar Hlöðversson, eigandi bílapartasölnnar Bíla-kringlunnar. Eigendur annarra bílapartasala taka í sama streng. „Já, við finnum fyrir aukningu í greininni. Það eru alla vega þrír nýir salar búnir að skrá sig inn á síðuna okkar og svo vitum við af fleirum,“ segir Elías Pétursson, eigandi Aðalpartasölnnar, sem heldur úti heimasíðunni www.partasolur.is.

Að þeirra sögn hefur eftirspurnin eftir varahlutum í bíla tekið á sig nýja mynd. „Það er verið að biðja um hluti í eldri bíla heldur en áður. Það er eins og bílarnir hafi verið geymdir lengi og nú sé verið að draga þá fram,“ segir Elías. „Fólk er að biðja um varahluti í bíla sem áður var hent. Nú erum við líka að nýta betur það sem við rífum úr



Lárus Sveinbjörnsson og Elías Pétursson, starfsmaður og eigandi Aðalpartasölnnar.

bílunum heldur en við höfum gert í mörg ár,“ segir Hlöðver Hjálmarsson, eigandi bílapartasölnnar Japanskar vélar.

Þá segja þeir skort á varahlutum, meðal annars vegna þess að notaðir bílar séu ekki fluttir til landsins. „Það er ekkert orðið til af varahlutum lengur, þetta er að verða eins og á Kúbu,“ segir Elías. „Ekki eru alltaf til réttu varahlutirnir og er fólk tilbúnara en áður í að biðja eftir hlutum,“ segir Hjálmar og bætir við að þótt mikið sé spurt um varahluti sé eins og fólk haldi að sér höndunum vegna fjárskorts.

Hvað framtíðarhorfur varðar eru menn óvissir en töluverðrar bjartsýni gætir. „Ljóst er að samfélagið er í hægagangi. En á meðan notaðir bílar eru ekki lengur fluttir inn eykst þörfin á varahlutum, og því meira að gera hjá okkur,“ segir Hlöðver.

Þeir benda þó á að í sumum tilvikum liggi fólk ekki á að láta gera við bíla sína, þar sem margir hafi hvort eð er verið með fleiri en einn bíl í góðærinu og þegar annar bíl sé hinn tekinn í notkun. Þeim liggi því ekki endilega á að láta gera við bifreiðar sínar.

- hds

bfo.is þjónustuverkstæði fyrir eftirtaldar bifreiðar
reynsla – þekking – góð þjónusta
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Keyrir um á bláum ref

Davíð Þór Jónsson tónlistarmaður er áhugamaður um bíla. Uppáhaldsbíllinn er gamall Suzuki Fox jeppi frá árinu 1988 sem hann kallar Bláa refinn. „Ég keypti bílinn af Birni Indriðasyni fyrir þremur árum. Þá var ég búinn að horfa á hann standa númerslausan í heilt ár í Nóatúni. Það var engin leið að finna hver átti bílinn öðruvísi en að banka bara upp á en það tók mig tvær vikur að sannfæra manninn um að selja mér bílinn,“ segir Davíð sem borgaði 100.000 krónur fyrir bílinn sem var í góðu ástandi.

„Bíllinn er 44 hestöfl, léttur og sparneytinn og liturinn á honum heitir Iceland Blue. Svo fékk ég læri-meistara minn Sigga Rallý til að hjálpa mér með bílinn, sprauta hann og hjálpa mér með viðhaldið,“ segir Davíð en báðir eru meðlimir í Sambandi Íslenskra Suzukijeppeigenda.

Blái refurinn er frábær ferðafélagi að mati Davíðs, sem ferðast um fjöll og firnindi á bílnum og er þessa dagana staddur á LungA, listahátíð ungs fólks



Davíð Þór Jónsson tónlistarmaður ásamt Bláa refnum, Suzuki Fox á þrítugsaldri. MYND/ÚR EINKASAFNI

á Austurlandi, á Seyðisfirði. „Við félagi minn fengum svo þá hugmynd að opna sendlafyrirtæki, Blái sendillinn. Fólk getur hringt og pantað þjónustuna ef það vantar að láta keyra sig eitthvað, senda pakka eða vantar að komast á rúntinn og spjalla við einhvern.“

- hds



„Það hefur ekki orðin nein kúvendung í uppboðunum en þó er ívið betri markaður fyrir notaða bíla en áður,“ segir Bjarni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Markaðurinn er ögn betri en í góðærinu

„Fólk hallast að ódýrari kostum við að halda úti eldri bílum en það gerði áður og kemur hingað í auknum mæli að leita að varahlutum og dekkjum,“ segir Bjarni Ingólfsson í Vöku. „Við tökum við bílum til endurvinnslu og sú starfsemi hefur færst í vöxt því við hirðum úr bílunum það sem nothæft er og fólk er að vakna til vitundar um verðmæti þess, í stað þess að fara með bílinn beint í förgun. Það vill að aðrir geti nýtt sér hluti úr honum eða það biður sjálf um að fá dekkinn eða aðra tiltekna hluti þegar búið sé að rífa hann sundur.“

Vaka er rógroíð fyrirtæki sem auk varahlutasölu hafa haldið uppboð á bílum í áraradír. Þar eru falboðin ökutæki skráð á eignum sem hafa lent í vanskilum hjá bönkum og önnur sem hafa verið hirt númerslaus hér og þar.

Bjarni segir liðlega 200 bíla fara um hendur



Vaka hefur auk varahlutasölu haldið uppboð á bílum í áraradír. Liðlega 200 bílar fara um hendur Vökumanna í hverjum mánuði.

Viðhald að minnsta kosti einu sinni á ári

Hreinsa þarf sæti í bílum minnst einu sinni á ári til að forðast slæma lykt og halda þeim fallegum. „Leðursæti eru eitthvað sem má bara þurrka af en tausætin þarf að djúphreinsa af og til. Það eru engin önnur ráð við því þegar koma blettir en að ná þeim úr með sérstökum efnum,“ segir Sigvaldi Gunnarsson hjá Gæðabóni, og bætir við að notuð sé sérstök djúphreinsisápa.

Hann mælir með því að nota fráhrindandi ábreiður ofan á sætin til að komast hjá því að óhreinka þau. Fólk geri sér oft ekki grein fyrir hversu mikill skítur safnast saman í seturnar fyrr en búið er að djúphreinsa þær. Djúphreinsun á sætum í fimm manna bíl kostar um 3.000 krónur.

-kbs



Setur þarf að djúphreinsa til að halda þeim fallegum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sumarfríð hefst hjá okkur



Arctic Trucks - Kletthálsi 3 - 110 Reykjavík - Sími 540 4900

RYÐVÖRN



PÓRÐAR ehf

REGLULEG RYÐVÖRN EYKUR ENDINGU BIFREIÐARINNAR ÁSAMT ÞVÍ AÐ VIÐHALDA VERÐGILDI BIFREIÐARINNAR. ÞÁ MYNDAR NÝ ENDURRYÐVÖRN ÁGÆTIS HLJÓÐEINANGRUN.

ENDURRYÐVÖRN ER ÞVÍ SKYNSAMLEG FJÁRFESTING.

EINNING BJÓÐUM VIÐ UPP Á BÓN OG ALPRIF FYRIR ALLAR TEGUNDIR BIFREIÐA.

SÆKJUM OG SENDUM

FUNAHÖFÐA 15 • SÍMI 567 1020

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



Þeir sem keyra Saab halda tryggð við tegundina, enda þykir bíllinn sterkur og öruggur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mazda og Saab endingargóðir

Nýleg skýrsla frá tryggingafyrirtækinu Warranty Direct nefnir Mözdu sem endingarbesta bílinn í Bandaríkjunum en sænskum öikumönnum þykir Saab vera einstaklega endingargóður og öruggur bíll.

Aðrir bílar sem bera af samkvæmt skýrslunni eru Volvo, BMW og Renault, sem eru í miklu uppáhaldi hjá kröfuhörðum bílakaupendum.

Nýlegasta skýrsla Umferðarstofu um endingu bifreiða er frá árinu 2003 og voru þá samkvæmt henni Cherokee Jeep, Lada og Mercedes Benz endingarbestu bifreiðarnar. Meðalaldur Cherokee Jeep-bíla var rúm fimmtán ár en meðalaldur Hyundai, sem var með lægsta meðalaldurinn, var aðeins tæp fimm ár.

-sm



Mazda-bifreiðarnar njóta vinsælda í Bandaríkjunum.



Gott er að athuga loftið í dekkjunum og munstur þeirra reglulega ásamt því að bletta bílinn til að stoppa ryð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fara reglulega á verkstæði

„Fyrirbyggja skiptir miklu máli,“ segir Jóhannes Norðfjörð, eigandi réttingaverkstæðisins Rétttra bíla þegar hann er beðinn um góð ráð til að tryggja endingu eldri bíla.

„Gott er að fara með bílinn reglulega inn á eitthvert verkstæði og láta yfirfara hann,“ útskýrir Jóhannes og bætir við að meðal annars þurfi að skoða bremsur, dempara og stýrisenda. „Ef bílarnir eru farnir að ryðga þá þarf að reyna að stoppa ryðið. Það er gert með því að bletta bílinn.“

Jóhannes segir að reglulega þurfi að athuga loftið í dekkjunum og munstur þeirra. „Til þess að passa að ef sandur er á veginum og verið er að hemla fari bíllinn ekki bara út af veginum. Svo er hægt að skipta um rúður í bílum ef þær eru orðnar mjög mattar og passa þarf að þurrkublöðin séu í lagi þegar kemur rigning.“

-mmf

Sala vonum framar

Sigurður Pálsson, markaðsstjóri Ellingsen, segir sölu á fellihýsum, hjólhýsum, tjaldvögnum og húsbílum framar vonum í sumar, þó salan sé ekki eins mikil og síðustu tvö ár. Um 160 ný tæki og um 30 notuð hafa selst hjá þeim í ár, langflest af fellihýsum, en þau hafa lengi verið vinsælust meðal landans.

„Ég held að fólk sé að nýta sér ákveðið tækifæri að kaupa sér núna, sérstaklega þeir sem hafa kannski skotist í eina helgarferð til útlanda í sumar. Mönnum blóskrar þegar þeir fá reikninginn,“ segir Sigurður. „Fólk ætlar sér auðsjáanlega að ferðast meira innanlands næstu árin á meðan þetta gengur yfir.“

-kbs

Margir fjárfesta í fellihýsi, annaðhvort notuðum eða nýjum, frekar en utanlandsferðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Bilaverkstæði | Smurstöð | Verslun | Dekkjaverkstæði

Bíla...Áttan

Smiðjuvegi 30
Simi 587 1400


Liqui Moly hágæða smurolía og bætiefni

Liqui Moly framleiðir innspindingarhreinsir og dieselhreinsir bætiefni fyrir drif og vélar fjölnotaúða LM 40.

Japanparts bremsuhlutir, bremsuklossar, bremsudiskar, bremsudælur, bremsuborðar, spindilkúlur og stýrisendar

Einnig eigum við bónvörur, hreinsiefni, hjólkoppa, mottur, rafgeyma og fleira og fleira fyrir bílinn þinn.

Oliu og loftsíur frá Japanparts og Crosland



TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Hús á Balereseyjinni Menorca (við hlíðina á Mallorca). www.starplus.info Uppl. í s. 899 5863.

Fyrir veiðimenn

Silunganet - Silunganet
Flot- og sökknet. Mikil úrval. Heimavik. Sími 892 8655. heimavik.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is
Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.
Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK. Uppl./info í s. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Til leigu 2 herb. íbúð í Álfnuhvarfi, m/ bílskýli og stórra verönd. Nýleg íbúð m/ öllu; Ísskáp, uppþvél, þvottav./þurrkari, örb.ofn og stofuhúsgögn. V. 97 þ. m/hússjóð. Uppl. í s. 693 1500/698 7040.

City center - miðbær

Room all incl. no internet. Herb. með öllu. Uppl. í s. 860 0360.

ROOMS FOR RENT WITH FURNITURE IN 109 BREIDHOLT AND IN 111 BREIDHOLT 8973611

Til leigu 2-3 herb. íbúð með sérinngangi í 111. Uppl. í s. 867 9403.

herbergi 22fm með ískáp og eldunaraðstöðu og aðgang að wc og sturtu á jarðhæð við Ásvallagötu laust verð 40.000. með hita og rafmagn innif. uppl. sim.8931174

Stórt einbýli/sérhæð með glæsilegu útsýni á sv. 111 Rvk. til leigu. Uppl. í s. 867 9403.

Húsnæði óskast

Íbúð óskast til leigu í vesturbæ Kópavogs. Uppl. í s. 696 2886.

Háskólamenntuð hjón um fertugt, bæði í góðri vinnu og með 9 ára stúlku og 2 ljúfar kisu óska eftir góðu og stóru húsnæði/sérbýli til langtímaleigu miðsvæðis í Reykjavík. Óskahverfi eru 101, 105 og 107. Traustir og öruggir leigendur, greiðslugeta 120.000-200.000. Vinsamlega hafið samband við Lindu í gsm 897-8781 eða á netfang riinda@simnet.is.

Reyklausan nema vantar íbúð helst í 101 í vetur. Viktor 6907740 viggip@gmail.com

Kennarapar á þrítugsaldri leitar að 2ja-3ja herb íbúð á Rvk-svæðinu. Hjórdís og Frosti, 865-0028/hjordismarta@gmail.com

Sumarbústaðir

Bústaður óskast á Flúðum. 24-26.júlí óskast í leigu. halldor74@hotmail.com.

Staðgreiði rétt verðlagðan 50-70m2 fullbúinn bústað tilbúinn til flutnings. 824 0672.

Atvinnuhúsnæði

100m2 verslunarhúsnæði staðsett í Hlíðasmára, Kópavogi. Mjög ódyrt fermetra verð. Uppl. í síma 695 7045 & 570 7045.

Hlíðasmári Kópavogi Aðstaða fyrir nuddara, snyrtifráðinga o.þ.h., mism. stærðir. Mjög hagstætt leiguverð. Uppl. í 695 7045 & 570 7045.

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opíð 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mánn.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Gisting

2 herbergja íbúð fullbúin húsgögnum með svefnplássi fyrir 2-4. Leigist 1 nótt í senn eða fleiri. Staðsett við Kríngluna. Uppl. í s. 843 9776 & 899 7188 eða limoutaxi@hotmail.com.

ATVINNA

Atvinna í boði

Starfsfólk óskast
MOKKA KAFFI
Skólavörðustíg 3a

Starfsfólk og vaktstjóri óskast. Starfsfólk óskast á dagvaktir í fullt starf og í hluta starf. Upplýsingar veittar á staðnum.

STÖRF.IS

Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnu-auglýsinga. Leitinn hefst hjá okkur.

HVERFISBARINN auglýsir eftir rekstrar/skemmtanastjóra. Góð laun fyrir duglegt fólk. Þarf að hafa reynslu af einhverju tagi. Áhugasamir hafi samband í síma 699 1105

Málarar athugið!

Óska eftir tilboði frá málarum í einbýlishús í Reykjanesbæ. Uppl. í s. 842 6605.

Bónstöð sem er að hefja rekstur óskar eftir vönu fólki til starfa. Lögð verður á áheyrsla á vandvirkni og fjölbæfa þjónustu, eins og smærri viðgerðir og fl. Verð að fá aðila með kunnáttu á því sviði(sjá bonogpvottur.is) Uppl. í s. 615 4090

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Orlofsíbúðir og herbergi til leigu á Þingeyri í sumar. S 456 1600. Hótel Sandafell.

Einkamál

Símapjónusta Spjalldómur

S. 908 6666 & 908 2000. Opíð þegar þér hentar

SÍMAPJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

FASTEIGNA MIÐLUN

Síðumúla 11 - Sími 575-8500 Pálmi Almarsson, lögg.fasteignasali



Í dag kl. 18-19 er opið hús að Álfrólfsvegi 109 í Kópavogi.

Um er að ræða 146 fm efri sérhæð á frábærum útsýnisstað. 3-4 svefnherb. Fallett og rúmgott baðherbergi. Tvennar svalir. Gagnheit parket. Skipti á minni íbúð koma til greina. Tekið er á móti gestur í dag frá kl. 18-19.

Fasteignamidlun.is – Allar eignir á fasteignir.is

FASTEIGNASALAN 570 4800

GIMLI Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali

Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800

OPIÐ HÚS Í KVÖLD FRÁ 19 -20 EYKTARÁS 11



Fallett 290 fm tveggja hæða einbýli á glæsilegum útsýnisstað efst í Elliðaárdalnum. Fjögur svefnherbergi. Tvær stórar og bjartar stofur. Innb. bílskúr. Fallettur garður. **Verð 59 millj. Eignin verður til sýnis í kvöld frá kl 19 - 20 þriðjudaginn 14. júlí**

- Traust þjónusta í 30 ár -

60 ára



1949 2009

Yfirþjálfari í knattspyrnu

Knattspyrnudeild Próttar auglýsir eftir yfirþjálfara í fullt starf fyrir yngri flokka félagsins. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúnn í að leggja sitt af mörkum til að efla yngri flokkana hjá félaginu og vinna skv. stefnu félagsins. Reynsla og þjálfaramenntun skilyrði. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar og umsóknir berist til íþróttafulltrúa Próttar á netfangið eysteinn@trottur.is fyrir föstudaginn 17.07.2009.

HB GRANDI

Starfsfólk óskast

Starfsfólk óskast til almennra fiskvinnslustarfa í sumar í frystihúsi HB Granda hf. Reykjavík. Mikil vinna. Vinsamlega leggið inn umsókn á netfangið atvinna@hbgrandi.is með nafni, kennitölu og símanúmeri.

Spennandi vinnustaður í alþjóðlegu umhverfi

Keflavíkurlugvöllur ohf.

Keflavíkurlugvöllur ohf. tók við rekstri Flugmála-stjórnar á Keflavíkurlugvelli og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. 1. janúar 2009. Félagið var stofnað til að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvallarins og flugstöðvarinnar.

Félagið annast einnig flugleiðsöguþjónustu og þjónustu við flugrekendur, rekstur verslana með tollfrjálsar vörur og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar auk þess að sjá um hagnýtingu flugvallarins í þágu öryggis- og varnarmála.

Starfsemi Keflavíkurlugvallar skiptist í sex svið: Fjármálasvið, flugvallarsvið, flugleiðsögu svið, flugverndarsvið, viðskiptasvið og rekstrarsvið. Frihófnin ehf. er dótturfélag Keflavíkurlugvallar ohf. og sér um rekstur frihafnarverslana í flugstöðinni. Starfsmenn félaganna eru 400 og áætluð velta á fyrsta starfsári er ríflega tíu milljarðar króna.

Keflavíkurlugvöllur ohf. óskar eftir að ráða reynda flugumferðarstjóra

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Reynsla af störfum við flugumferðarstjórn.
- Gerð er krafa um að umsækjandi sé handhafi skirteinis flugumferðarstjóra og hafi áritun fyrir flugturns- og/eða aðflugþjónustu.
- Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á íslenski og enski tungu.
- Viðkomandi þarf að vera góður í mannlegum samskiptum, vera sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa óflekkað mannorð.

Unnið er á vöktum og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi félags íslenskra flugumferðarstjóra.

Umsóknarfrestur er til **31. júlí** og umsóknum skulu fylgja afrit af skirteinum, prófskirteinum og öðru því er máli skiptir við mat á umsækjendum.

Umsóknum skal skilað rafrænt inn á heimasíðu Keflavíkurlugvallar **www.kefairport.is/atvinna**.

Upplýsingar um starfið veitir Haraldur Ólafsson framkvæmdastjóri flugleiðsögu sviðs í síma 425-6000.



KEFLAVÍKURLUGVÖLLUR

F A S T E I G N A S A L A N

MIKLABORG

☎ 569 - 7000 | Síðumúla 13 | www.miklaborg.is



Óskar R. Harðarson
hdl. og lögg.
fasteignasali



Jason Guðmundsson
lögfr. BA og lögg.
fasteignasali



Ragna S. Óskarsdóttir
MBA og
sölufultrúi



Guðrún Pétursdóttir
skjalagerð




FREYJUGATA

Reisulegt einbýli
Funkishús
282 fm + 64 fm skúr
Góð aðkoma
Frábær staðsetning
Í Þingholtunum

Miklaborg - Örugg sala

VILTU SELJA?
Þá auglýsir þú HÉR
Miklaborg býður
þeim sem koma með
eign í einkasölu
ÓKEYPIS auglýsingar



Laugalind

4ra herbergja jarðhæð
Sérinnangangur
Falleg eign
Frábær staðsetning

V. 35,9 m.

Miklaborg - Örugg sala




Norðurgata - Siglufjörður

Gott einbýli
3 Svefnherbergi
2 stofur
Uppgerð eign

V. 15,9 m.

Miklaborg - Örugg sala



Bragagata 101

Miðbæjaríbúð
Glæsileg
Mikið uppgerð
Vinsælt hverfi

V. 19,9 m.

Miklaborg - Örugg sala



Ánaland

Glæsilegt 390 fm
Vandað hús
Frábær staðsetning
Einstakur garður

V. 110 m.

Miklaborg - Örugg sala



Hamraborg

2ja herbergja
Vinsælt hús
Opin bílgeymsla
3ja hæð - suðvestur svalir

V. 15,9 m.

Miklaborg - Örugg sala



Snorrabraut - 1. hæð

3ja herbergja
Aukaherbergi í kjallara
Við Grettisgötu
Nýtt eldhús

V. 16,9 m.

Miklaborg - Örugg sala



Berjavellir

Stórglæsileg 3ja herb
Vönduð eign
Bílgeymsla
Áhvilandi 19,5 m.

V. 20,9 m.

Miklaborg - Örugg sala



Einiteigur

197,5 fm parhús
fokhelt að innan en full-
frágengið að utan.
Í botnlanga í byggðu hverfi
Frábært útsýni / göngubrautir

V. 32,5 m.

Miklaborg - Örugg sala




Viðarás

Glæsilegt raðhús
4 svefnherbergi
Fallegur garður
Vel staðsett

V. 41,9 m.

Miklaborg - Örugg sala




Urðarás

220 fm einbýli
Allt vandað
Róleg gata
Sólstofa og útsýni

V. 69,0 m.

Miklaborg - Örugg sala



Fjallalind

Endaraðhús
Gott skipulag
Mikil lofthæð
Vandaðar innréttingar

V. 47,5 m.

Miklaborg - Örugg sala



Álfتامýri

2ja herbergja 60 fm
Hljóleg íbúð
108 Reykjavík
Gott hverfi

V. 15,5 m.

Miklaborg - Örugg sala



Meðalholt

3ja-4ra 80 fm
Útleiguhverbergi
Öll standsett
Mikið áhvilandi

V. 22,9 m.

Miklaborg - Örugg sala



Hæðargarðurur

2ja-3ja herb 83 fm
Sérinnangangur
Jarðhæð - verönd
Eftirsótt hús

V. 22,9 m.

Miklaborg - Örugg sala



Álfheimar

Falleg 4ra herbergja
Mikið útsýni
Efsta hæð
3 svefnherbergi

V. 21,5 m.

Miklaborg - Örugg sala



Espigerði - Leiga

Til leigu
Laus 1. ágúst
2ja herb
"Eldri borgara"

V. 116 þús

Miklaborg - Örugg sala



Skeljatangi

Einbýli
5 herbergi
Gott skipulag
Frábær garður

V. 45,0 m.

Miklaborg - Örugg sala



Bústaðavegur

Góð 3ja-4ra herb
Sér inngangur
Fallegur garður
Laus fljótlega

V. 21,0 m.

Miklaborg - Örugg sala



Reykjavíkurvegur

Mjög falleg 3ja herb
Suðursvalir
Nýja Skerjafirði
Nýlegt steinhús

V. 24,2 m.

Miklaborg - Örugg sala



Breiðvangur

4-5 herbergja íbúð
161,5 fm með bílskúr
Laus strax
Gott verð

V. 29,5 m.

Miklaborg - Örugg sala



Akurgerði

Parhús
191 fm + 35 fm bílskúr
Séríbúð í kjallara
Innst í botnlanga

V. 44,0 m.

Miklaborg - Örugg sala

INGMAR BERGMAN (1918-2007)
FÆDDIST PENNAN DAG.

„Ég vona að ég verði aldrei það
 gamall að ég gerist trúaður.“

Ingmar Bergman var sænskur leikstjóri, handritshöfundur og framleiðandi kvikmynda, leikrita og sjónvarpsþátta. Hann er þekktur fyrir kvikmyndir á borð við Fanny og Alexander og Vetrarljós. Hann var tilnefndur til níu Óskarsverðlauna, en myndir hans unnu þrisvar sinnum til verðlauna fyrir bestu erlendu kvikmyndina.



tímamót

timamot@frettabladid.is



TÓNLEIKAR Eyþór Franzson Wechner leikur orgeltónlist í Kristskirkju í Landakoti á morgun.

Orgeltónlist í hádegisandakt

Orgelandakt verður haldin í fyrsta sinn á þessu sumri í Kristskirkju í Landakoti í Reykjavík á morgun klukkan 12.

Þá mun hinn ungi og efnilegi organisti Eyþór Franzson Wechner leika í 30 mínútur á Frobeniusar-orgel Kristskirkju. Bæði fyrir og eftir það mun prestur lesa bæn og fara með blessun.

Áætlað er að þessar stundir verði haldnar héðan í frá og til loka ágústmánaðar alla miðvikudaga frá klukkan 12 til 13. Þá munu ýmsir organistar koma við sögu.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

Umsjónarmaður þessara miðvikudagsstunda er organisti Kristskirkju, Hilmar Örn Agnarsson.



Í tilefni af 75 ára afmæli mínu, síðast liðið vor,

ætla ég að bjóða til fagnaðar að Eyjum II í Kjós, Allir ættingjar og vinir hjartanlega velkomnir laugardaginn 18. júlí 2009. Ráðgert er að gamanið hefjist kl. 19:00.

Öll aðstaða er fyrir tjöld, tjaldevagna eða fellihýsi. Mér er sönn ánægja ef þú/þið hefðuð tök á því að samgleðjast mér og fjölskyldu minni, á þessum tímamótum, í Heimatúninu.

Bestu kveður Magnús Sæmundsson og fjölskylda.

Allar afmælisgjafir eru afþakkaðar, en þeim sem það kjósa er bent á **Styrktarfélagið AS**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurbjörg Gísladóttir,

Birkihvammi 12, Kópavogi,

sem lést á Krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut að kvöldi föstudagsins 10. júlí, verður jarðsungen frá Digraneskirkju í Kópavogi, föstudaginn 17. júlí klukkan 13.00.

Porkell Jónsson Helgi Óskar Óskarsson
Kristín Þorkelsdóttir María Höskuldsdóttir
Jón Gísli Þorkelsson Kristín Sigurðardóttir
Guðjón Þorkelsson Jakobína Jónsdóttir
Árni Þorkelsson
 barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæri eigenmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Pétur Veturliðason,

Pípulagningameistari,

sem lést á Landakotspítala þann 7. júlí 2009 verður jarðsungenin í Fossvogskirkju á morgun 15. júlí kl. 15:00.

Arndís Helgadóttir Sigurður Garðars.
Sigrún Pétursdóttir Anna Bergmann Reynisd.
Stefán Pétursson Jóhannes Sigvaldason
Oddný Pétursdóttir Björn Arnar Kristbjörnsson
Sædís Pétursdóttir
 og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sveinborg Lárusdóttir,

hjúkrunarheimilinu Skjóli, áður Sjafnargötu 10,

lést fimmtudaginn 9. júlí. Jarðarförin fer fram frá Hjallakirkju í Kópavogi, föstudaginn 17. júlí kl. 13.00.

Bjarni Sigfússon Guðrún Á. Magnúsdóttir
Kristján Sigfússon Guðfinna Inga Guðmundsdóttir
Ingvar A. Sigfússon Ingibjörg Bjartmarz
 barnabörn og langömmubörn.



Ástkær bróðir okkar,

Hallgrímur Helgason
(Haggi)

Tröllagili 14, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar föstudaginn 3. júlí. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 15. júlí kl. 13.30. F.h. aðstandenda,

Sigurlaug Helgadóttir
Björg Helgadóttir
Páll Helgason.



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Þórir Magnússon

bifreiðastjóri, Meðalholti 14, Reykjavík,

verður jarðsungenin frá Friðkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 16. júlí kl. 13.00.

María Jóhannsdóttir Halldóra Kr. Valgarðsdóttir
Halldór Þórisson Kristján Guðmundsson
Jóhanna M. Þórisdóttir
Þórir Þórisson
Ragna H. Þórisdóttir
 og barnabörn.



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýðug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Stefán Ásbergs Jónssonar

bóna á Kagaðarhóli.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Reykjalundar og Heilbrigðisstofnunar Blönduóss fyrir umönnun í veikindum hans.

Sigríður Höskuldsdóttir Vikingur Þór Gunnarsson
Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir Sólveig Birna Stefánsdóttir
Jón Stefánsson Þorkell Magnússon
Berghildur Ásdís Stefánsdóttir og barnabörn.



Faðir okkar, fösturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Páll Pétursson

frá Ísafirði

Hjúkrunarheimilinu Skjóli,

lést á Landspítalanum við Hringbraut að kvöldi mánudagsins 6. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 15. júlí kl. 13.00.

Sigríður Jónsdóttir Bjarni A. Agnarsson
Þórunn Íseld Jónsdóttir Ragnar Kristjánsson
Jón Viðar Arnórsson Sigrún Briem
Steinunn Karólína Arnórsdóttir
 barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur sambylismaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Hjálmar Indriði

Guðmundsson

bóni og bifreiðastjóri, Korná, Skagafirði,

lést að heimili sínu að morgni sunnudagsins 12. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

Birna Hjördís Jóhannesdóttir Þórmundur Skúlason
Sólborg Rósa Hjálmarsson Ólöf Þórhallsdóttir
Jóhannes Hjálmarsson María Bergþórsdóttir
Guðmundur Hjálmarsson Högni Elfar Gylfason
Monika Björk Hjálmarsson
 barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Mikkalína Finnbjörnsdóttir

frá Efri Miðvík í Aðalvík, síðast til heimilis að Suðurgötu 17 í Sandgerði,

lést á hjúkrunarheimilinu Garðvangi í Garði, fimmtudaginn 9. júlí. Útförin fer fram frá safnaðarheimilinu í Sandgerði, föstudaginn 17. júlí kl. 13.30.

Ólafía Kristín Guðjónsdóttir Jón Norðfjörð
Finnbjörn Helgi Guðjónsson Sigurlaug Markúsdóttir
Einar Sigurður Guðjónsson Sigurbjörg Ólafsdóttir
Oddný Bergþóra Guðjónsdóttir Richard Henry Eckard
Helga Herborg Guðjónsdóttir Bolli Thor Valdimarsson
Benóný Guðjónsson Ína Dóra Hjálmarsson
Kristján Jóhann Guðjónsson Anna María Guðlaugsdóttir
Helga Leona Friðjónsdóttir
 barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

800 7000 • siminn.is

Tónlist.is
Skráðu þig á
siminn.is



Milljónir laga í símann og tölvuna án þess að borga krónu aukalega!


Í sumar býður Síminn viðskiptavinum sínum Sumaráskrift* að Tónlist.is fyrir 0 kr. aukalega.** Þar geta þeir hlustað á upphaldslögin sín í símanum eða tölvunni eins oft og þeir vilja.

Þú færð ekki bara upphaldslagið þitt, heldur 2,5 milljónir íslenskra- og erlendra laga til viðbótar. Farðu á siminn.is, skráðu þig og njóttu þess að hlusta hvar og hvenær sem er.

*Streymi á erlendi tónlist um ADSL internetþjónustu flokkast sem erlent niðurhal, nánar á Tónlist.is.

**Viðskiptavinir í GSM áskrift, Minu Frelsi eða ADSL internetþjónustu. Takmarkaður fjöldi áskrifta.

Það er Síminn



NOKKUR ORÐ
Sara
McMahon

Sagan um Gunnu, vinkonu mína

Gunna heitir mjög kær vinkona mín. Hún er lítil, matgrönn, liðug og mjúk og mér þykir afskaplega gaman að eyða með henni tíma. Áður fyrr átti Gunna bróður sem hét Jón og voru þau litla Gunna og litli Jón óaðskiljanleg sem börn, þar til einn daginn Jón var á bak og burt. Gunna tók hvarfi bróður síns mjög þungt og sótti þá mjög í félagsskap minn á meðan hún var að takast á við bróðurmissinn. Allar götur síðan höfum við verið nær óaðskiljanlegar. Svo nánar að við meira að segja deilum sama rúmi.

Áhugamál Gunnu eru eins margvísleg og þau eru mörg. Hún hefur til

dæmis mjög gaman af fimleikum og hvers kyns veiði. Hún er sérstaklega heimakær og hefur unun af blómum og öðrum gróðri. Nágrönnunum semur líka vel við hana og hún er dugleg að koma við í heimsókn til þeirra og nælir sér þá oft í smá matarbita í leiðinni.

Fyrir þá sem enn hafa ekki kveikt á perunni þá er Gunna köttur. Lítil köttur með mikla nærveru, og í hvert sinn sem ég heyri fréttir af því að fólk fargi dýrunum sínum í kreppunni þá verður mér hugsað til Gunnu og fyrir mér er þetta alveg óskiljanlegt. Vissulega mundi ég spara mér tæplega fjögurþúsund krónur á mánuði (fimmþúsund ef rækjur og harðfiskur eru talin með) ef Gunna væri ekki á heimilinu. Hin árlega bólusetning kostar líka sitt. En mér finnst Gunna vera hvarrá krónu virði því félagsskapur hennar er mér (og sambylingnum) ómetanlegur.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



> Stig og hreint mark í fyrsta leik á EM

Nítján ára landslið kvenna gerði markalaust jafntefli við Noreg í fyrsta leik sínum í úrslitakeppni EM sem hófst í Hvíta-Rússlandi í gær. Norska liðið sótti mun meira í leiknum en vörnir og markvörðurinn Birna Björg Haraldsdóttir (til hægri) stóðu sig mjög vel og héldu hreinu. Fyrirliðinn Fanndís Friðriksdóttir harkaði af sér meidöslin, spilaði allan leikinn og var nálægt því að tryggja íslenska liðinu sigur í blálok. Næsti leikur íslenska liðsins er á móti Svíþjóð á fimmtudaginn en Svíar töpuðu 0-3 á móti Engildingum í gær.



DADI GUÐMUNDSSON KOM FRAM Á BRAGÐIÐ Í 3-1 SIGRI Á PRÓTTI: NÓG AF LEIKJUM HJÁ FRAM ÞESSA DAGANA

Við æfum bara minna og spilum meira

Framar unnu 3-1 sigur á nágrönnum sínum í Prótti á Valbjarnarvelli í gær. Fyrri hálfleikurinn fer seint í sögubækurnar fyrir skemmtun og gerðist fátt framan af. Frammar áttu þó skot í stöng í lok hálfleiksins. Seinni hálfleikur var hinsvegar bráðfjörugur og voru bæði lið staðráðin í að bæta upp fyrir slappan fyrri hálfleikinn. Fyrsta markið kom eftir tæpan klukkutíma leik. Þá datt boltinn fyrir færur Daða Guðmundssonar sem kláraði vel með föstu skoti fyrir utan teiginn. Hjálmar Þórarinnsson skoraði síðan annað mark Fram á 77. mínútu þegar hann komst einn inn fyrir eftir fráþæra sendingu frá Paul McShane. Þróttarar minnkuðu svo muninn á 84. mínútu en þar var Daninn Morten Smidt að verki. Leikurinn var nokkuð í járnunum eftir það og settu Þróttarar góða pressu en náðu ekki að skora. Heiðar Geir Júlíusson innsiglaði síðan sigurinn þegar tvær mínútur voru komnar fram yfir venju-

legan leiktíma úr vítaspyrnu en brotið hafði verið á Paul McShane. „Það var þungt yfir þessu í fyrri hálfleik og við náðum ekki að fylla teiginn þegar við komumst upp völinn, það lagaðist sem betur fer í seinni hálfleik,“ sagði Daði Guðmundsson sem skoraði fyrsta mark Fram. „Við vissum að þetta yrði hörkuleikur og það varð raunin. Þeir lágu vel á okkur síðustu tíu mínúturnar og því var gott að frá þriðja markið,“ sagði Daði enn fremur.



Daði var nokkuð sáttur við markið sem hann setti í leiknum enda stórglæsilegt. „Ég er mjög sáttur en boltinn datt þarna fyrir fæturna á mér og ég var bara fyrstur á hann, hittti hann líka vel.“ Framar fljúga síðan út til Tékklands í dag þar sem þeir taka þátt í Evrópukeppninni. Það er því þétt spilað hjá þeim þessa dagana. „Þetta er mjög skemmtilegt og við æfum bara minna og spilum meira, það er flott,“ sagði Daði að lokum.

Tóku völdin á miðjunni

Breiðablik vann sinn fyrsta sigur í sögunni í Grindavík í gær. Kristinn Steindórsson skoraði eina mark leiksins í upphafi seinni hálfleiks.

FÓTBOLTI Breiðablik tók öll stigin í Grindavík í gær en aðeins eitt mark leit dagsins ljós, það skoraði Kristinn Steindórsson. Heimamenn voru sterkari í fyrri hálfleiknum en í þeim síðari tóku Blikarnir völdin á miðjunni, náðu upp góðu spili og þá er erfitt að stöðva þá.



KLÁR Á NÝ Alfreð Finnbogason sneri aftur inn í lið Blika og lagði upp sigurmarkið í Grindavík í gær.

„Við vorum staðráðin í að rífa okkur upp eftir dapran fyrri hálfleik. Við byrjuðum hálfleikinn af krafti og fylgðum því eftir með góðu marki,“ sagði Finnur Orri Margeirsson sem átti skínandi leik á miðjunni. „Þegar við náum upp okkar besta spili eiga fá lið möguleika gegn okkur. Við létum boltann ganga hratt og örugglega í seinni hálfleiknum og þá opnuðust leiðir.“

Breiðabliki hefur gengið illa á Grindavíkurvelli og var þetta í fyrsta sinn í sögunni sem Kópavogslíðinu tekst að ná í sigur þar í efstu deild. Finnur segir að menn hafi verið meðvitaðir um þessa tölfræði fyrir leikinn.

„Bróðir minn hann tuðaði eitthvað í mér í morgun um þetta. Ég sagði honum bara að þetta yrði þá bara leikurinn þar sem þetta myndi breytast,“ sagði Finnur Orri sem stóð við stóru orðin.

Það var ekki mikið um færi í fyrri hálfleiknum en Grindvíkingar voru meira með knöttinn og öllu líflægri. Þó áttu Blikar örfáar góðar rispur og vildi Arnar Grétarsson fá vítaspyrnu þegar Zoran Stamenic átti tæklingu í teignum og Arnar féll. Þóróddur Hjaltalín dæmdi þó ekkert.

Gilles Ono var nokkuð líflegur og átti bestu tilraun heimamanna en fast skot hans fór framhjá. Allt annað var að sjá til gestaliðsins í seinni hálfleik. Blikarnir tóku öll völd á miðjunni, spiluðu vel á milli

sín og komust verðskuldað yfir. Alfreð Finnbogason átti þá baneitraða sendingu á Kristinn Steindórsson sem kláraði listilega vel. Ekki fyrsti fráþæri sameleikskafla þeirra tveggja í sumar og væntanlega ekki sá síðasti.

Þegar tuttugu mínútur voru til leiksloka þurfti Ingvar Kale, markvörður Blika, að yfirgefa völinn vegna meiðsla á nára. Varamarkvörðurinn Sigmar Ingi Sigurðarson fór þá í markið og átti hann eina virkilega góða markvörslu þegar Scott Ramsey náði hörkskotu rétt fyrir leikslök.

„Við vorum miklu betri í fyrri

hálfleiknum og mér finnst þessi úrslit ekki vera sanngjörn. Við áttum skilið að fá eitthvað úr þessum leik,“ sagði Lúkas Kostic, þjálfari Grindavíkur. „Við fengum ágætis möguleika til að setja mark en eftir að hafa yfirspilað þá í fyrri hálfleik náðu þeir völdum á miðjunni í þeim síðari.“

Lúkas Kostic sagði sína menn hafa spilað sinn besta hálfleik í sumar en gefið Blikum of mikið pláss í þeim síðari. „Blikar eru eitt best spilandi lið landsins og það má ekki gefa þeim þetta pláss,“ sagði hann að lokum.

elvargeir@365.is

| | | |
|---|---------------------|------|
| | 1-3 | |
| Próttur | | Fram |
| Valbjarnavöllur, áhorf.: Óuþpp. Magnús Þórisson (6) | | |
| 0-1 Daði Guðmundsson (59.) | | |
| 0-2 Hjálmar Þórarinnsson (77.) | | |
| 1-2 Morten Smidt (84.) | | |
| 1-3 Heiðar Geir Júlíusson, viti (90+2) | | |
| TÖLFRÆÐIN | | |
| Skot (á mark) | 13–11 (7–9) | |
| Varin skot | Sindri 6 – Hannes 6 | |
| Horn | 6–6 | |
| Aukaspjurnur fengnar | 10–11 | |
| Rangstöður | 0–1 | |

| | | |
|---|---------------------------|------------|
| | 0-1 | |
| GRINDAVÍK | | BREIÐABLIK |
| 0-1 Kristinn Steindórsson (57.) | | |
| Grindavíkurvöllur, áhorf.: 815 | | |
| Þóróddur Hjaltalín (7) | | |
| TÖLFRÆÐIN | | |
| Skot (á mark) | 11–12 (5–5) | |
| Varin skot Óskar 3 – Ingvar 3, Sigmar 2 | | |
| Horn | 4–7 | |
| Aukaspjurnur fengnar | 9–10 | |
| Rangstöður | 1–2 | |
| GRINDAVÍK | | |
| 4–4–2 | | |
| Sindri Snær Jónsson 7 | Hannes Þór Halldórsson 6 | |
| Birkir Pálsson 5 | Joseph Tillen 5 | |
| (73. Andrés Vilhjálmsson) | Kristján Hauksson 5 | |
| Rundólfur Sigmunds 5 | Auðun Helgason 5 | |
| Kristján Ómar Björn 5 | Sam Tilleren 5 | |
| Jón Ragnar Jónsson 5 | (60. Ingvar Þór Ólafsson) | |
| Óddur Guðmundsson 5 | Heiðar Geir Júlíusson 7 | |
| (60. Oddur Björnsson) | Jón Orri Ólafsson 5 | |
| Dennis Daney 5 | (72. Jón Guðni Fjóla) | |
| Rafn Andri Haraldsson 5 | Daði Guðmundsson 7 | |
| Magnús Már Lúðvíks 7 | Paul McShane 7 | |
| Morten Smidt 7 | *Hjálmar Þórarinnsson 8 | |
| Daði Þór Rúnarsson 6 | (90. Guðm. Magnús) | |
| (82. Trausti Eiríks) | Almarr Ormarsson 7 | |
| | *Maður leiksins | |

Michael Owen er kominn með númer hjá United: Fær að spila í sjöunni

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, hefur ákveðið að Michael Owen fái að klæðast hinni eftirsóttu United-treyju númer sjö á næsta tímabili. Owen mun því taka við sjöunni af Cristiano Ronaldo, sem félagið seldi til



Real Madrid, en margir af frægustu og vinsælustu leikmönnum Manchester United hafa spilað í sjöunni og þar má nefna menn eins og Bryan Robson, Eric Cantona og David Beckham. Michael Owen spilaði ávallt í treyju númer 10 þegar hann var í herbúðum Liverpool.

STADAN Í DEILDINN

| | | | | | | |
|------------|----|----|---|---|-------|----|
| FH | 12 | 11 | 0 | 1 | 35-8 | 33 |
| KR | 12 | 6 | 3 | 3 | 23-16 | 21 |
| Stjarnan | 11 | 6 | 2 | 3 | 26-15 | 20 |
| Fylkir | 11 | 6 | 2 | 3 | 21-13 | 20 |
| Keflavík | 11 | 5 | 4 | 2 | 20-17 | 19 |
| Valur | 11 | 6 | 1 | 4 | 15-19 | 19 |
| Breiðablik | 11 | 4 | 3 | 4 | 16-17 | 15 |
| Fram | 11 | 4 | 2 | 5 | 14-14 | 14 |
| Fjölnir | 11 | 2 | 2 | 7 | 13-23 | 8 |
| Grindavík | 11 | 2 | 2 | 7 | 11-24 | 8 |
| ÍBV | 11 | 2 | 1 | 8 | 9-21 | 7 |
| Þróttur | 12 | 2 | 1 | 9 | 10-24 | 7 |

Tevez áfram í Manchester: Fer yfir til City

FÓTBOLTI Carlos Tevez mun færa sig milli Manchester-liðanna og spila með City-liðinu næstu fimm árin. Tevez mun ganga endanlega frá nýjum samningi ef að hann stenst læknisskoðun í dag. Tevez mun spila í treyju númer 32 eða sama númeri og hann hefur spilað í með Manchester United undanfarnin tvö tímabil.

Tilvalið í ferðalagið

Án viðbættis sykurs! Án viðbættis salts!

Kjarngóð næring í þægilegum umbúðum barnamatur.is

Miele

Þú sparar kr. 9.220

Sparaðu með Miele

Nýja S2120 ryksugan frá Miele er lágvæð, létt, kraftmikil og með stórum poka. Parketbursti að andvirði kr. 9.220 fylgir frítt með.

Tilboð kr. 23.995*

Kyntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

*tilboð gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK -hággæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Ný plötuútgáfa stelur senunní

Steinþór Helgi Arnsteinsson, Guðmundur Kristinn Jónsson, betur þekktur sem Kiddi úr Hjálum, og Baldvin Esra Einarsson hafa stofnað nýtt plötufyrirtæki sem ber nafnið Hljómplötuútgáfan Borgin.



Ó, BORG MÍN BORG Steinþór og félagar hans hjá Borginni fóstra íslenskt tónlistarlíf.

„Þetta byrjaði þannig að Kiddi vildi fá að leika sér meira, fá meira listrænt frelsi. Hann fékk Baldvin Esra frá Kimi Records til að aðstoða sig við dreifingu og svo var ég fenginn til að vera starfsmaður fyrirtækisins,“ segir Steinþór Helgi um nýju plötuútgáfuna. Unnið hefur verið í nokkra mánuði í leynum en á morgun verður haldinn blaðamannafundur þar sem ljóstrað verður upp hvaða útgáfur eru á döfni hjá Borginni. Þá verða haldnir tónleikar með Sigríði Thorlacius og hipphopp-hljómsveitinni Fallegum mönnum á Batteríinu annað kvöld.

Fyrstu plöturnar sem gefnar verða út hjá Borginni eru ný plata Egils Sæbjörnssonar, „live“ plata með Megasi og plata Baggalúts, Sólskinið í Dakota, en Megas og Gylfi Ægisson koma þar við sögu. Í kjölfarið fylgja svo Hjálmar „og vonandi Hjaltalín og Sigríður Thorlacius, ef allt gengur að óskum,“ svo fátt eitt sé nefnt.

Steinþór segir Borgina engu líka. „Það á eftir að koma fólki á óvart hvað við verðum með stóran og breiðan hóp tónlistarmanna.“ Hann tekur fram að fyrirtækið sé ekki stofnað vegna ósættis við önnur plötufyrirtæki. „Þetta er fyrst og fremst gert með hagsmuni tónlistarmanna að leiðarljósi. Við hlökkum bara til að takast á við miklar áskoranir á þessum síðustu og verstu tímum.“ Þeir eru hjartsýnir þrátt fyrir að plötusala dragist saman í heiminum. „Við erum hvergi bangnir og vitum að íslenskt tónlist heldur áfram að seljast. Við erum ekki að gera þetta til að græða fullt af peningum heldur erum við fyrst og fremst að fóztra íslenskt tónlistarlíf.“

kbs@frettabladid.is

PRÍÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 500

SACHA BARON COHEN SNÝR AFTUR Í EINHVERRI **SNARKLIKKUDUSTU** OG **FYNDNUSTU MYND** SÍÐARI ÁRA.

„**BETRI EN BORAT**“ ★★★★★
COHEN ER SCHNILLINGUR! - T.V. KVÍKMYNDIR.IS

Sacha Baron Cohen

brúno

MYND SEM PÚ MÁTT EKKI MISSA AF!

„ÞÍÐ SEM AD HÉLDU AD THE HANGOVER VÆRI ÞAD FYNDNASTA SEM KOMIÐ HEFUR ÚT ÁRÍÐ 2009, BÍÐIÐ BARA OG SJÁIÐ HVAD BRÚNO GERIR AF SÉR“

| SAMBÍÓ ÁLFABAKKA | | SAMBÍÓ KRINGLUNNI | |
|------------------|---|-------------------|------------------------------|
| BRUNO | kl. 2 - 4 - 6 - 8D - 8:30 - 10:10D - 10:30 | BRUNO | kl. 4 - 6 - 8 - 10 - 11 - 12 |
| BRUNO | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | TRANSFORMERS 2 | kl. 6D |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:50 | THE HANGOVER | kl. 4 - 6 - 8 - 10:20 |
| ÍSÖLD 3 | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50(3D) | AKUREYRI | |
| ÍSÖLD 3 | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | BRUNO | kl. 6 - 8 - 10 |
| HANGOVER | 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 8:30 - 10:20 - 10:50 | HANGOVER | kl. 8 |
| | | TRANSFORMERS 2 | kl. 5:15 - 10 |

KYNNTU PÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!

500 kr. **my sister's keeper**

500 kr. **THE HURT LOCKER**

500 kr. allar myndir allar sýningar alla þriðjudaga allt sumar

Gildir ekki í Lúxussal eða Borgarbíó eða á 3D sýningar

ÍSÖLD 3 500 kr.

TRANSFORMERS 500 kr.

| SMÁRRA BÍÓ | HÁSKÓLA BÍÓ |
|--------------------------------|-----------------------------|
| THE HURT LOCKER | MY SISTERS KEEPER |
| THE HURT LOCKER LÚXUS | ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL |
| ICE AGE 3 3D ENSKT TALÁN TEXTA | YEAR ONE |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/SL TEXTA | ANGELS & DEMONS |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | GULLBRÁ |
| TRANSFORMERS 2 | |
| TRANSFORMERS 2 LÚXUS | |
| GULLBRÁ | |
| BORGAR BÍÓ | |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/SL TEXTA | |
| MY SISTERS KEEPER | |

NÝTT Í BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR

BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|-----------------------------|----------------------|----|
| MY SISTERS KEEPER | kl. 5.50, 8 og 10.15 | 12 |
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 4 | L |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 7 og 10 | 10 |
| YEAR ONE | kl. 8 og 10 | 7 |
| GULLBRÁ | kl. 4 | L |

HVAD? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 14. júlí 2009

- Tónleikar**
- 20.00 Barokkhópurinn Custos** flytur verk eftir m.a. Telemann, Frescobaldi og Corelli á tónleikum í Þingvallakirkju. Aðgangur er ókeypis.
- 20.30 Sólvæg Sigríður Einarsdóttir** organisti leikur verk eftir J.S. Bach, F. Mendelssohn, F. Couperin o.fl. á tónleikum í Reykholtskirkju.
- 20.30 Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanóleikari leikur verk eftir Olivier Messiaen á sumartónleikum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnestanga.
- 21.00 Hljómsveitin Jagúar** verður á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.

Sýningar

Hildur Aðgeirsdóttir Jónsson hefur

opnað sýninguna „Listasamspil - vefnaður í málverki / málverk í vefnaði“ í Deiglunni við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opnið alla daga nema mánudaga kl. 13-17.

Hrönn Axelsdóttir hefur opnað ljósmyndasýningu í Listasal Mosfellsbæjar, Kjarna við Þverholti 2. Aðgangur er ókeypis. Opnið virka daga kl. 12-15 og laugardaga kl. 12-15.

Sigríður Nielsdóttir sýnir klippimyndir á sýningunni „Séð í himininn“ sem hún hefur opnað í versluninni 12 Tónum við Skólavörðustíg. Opnið mán.-lau kl. 10-18 og sun. kl.12-17.

Brúðuleikhús

14.00 Brúðubillinn sýnir leikritið „Leikið með líti“ á Klambratúni við Kjarvalsstaði. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Leikrit

18.00 Leikhópurinn Lotta flytur verkið

„Rauðhetta“ á nýja tjaldstæðinu í Sandgerði. Í leikritunum er blandað saman ævintýrunum Rauðhetta, Grísirinn þrjár og Hans og Gréta.

20.00 Kristján Ingimarsson flytur verk sitt „Mike Attack“ sem er gamanleikur án orða, í Samkomuhúsinu á Húsavík.

20.30 Ferðaleikhúsið / Light Nights sýnir verkið „Visions from the Past“ eftir Kristínu G. Magnús í lðnó við Vonarstræti. Flutningur fer fram á ensku. Nánari upplýsingar á www.lightnights.com.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Ódýrt í matinn á ÞRIÐJUDÖGUM

Tilboðið gildir alla daga

299 kr.

Júmbósamloka og 33 cl Pepsí dós

Tilboðið gildir alla daga

alltaf í leiðinni!

Saga Grafík-ábreiðu Ourlives og Togga

„Þetta er einhver vinsælasta hljómsveitin á Íslandi. En það halda bara allir að þetta sé útlensk hljómsveit,“ segir Barði Jóhannsson. Hann hefur verið í stúdíóinu að undanfögnu, sem oftast, og var nú síðast að vinna með hljómsveitinni Ourlives, sem skipuð er þeim Jóni Birni Árnasyni, Leifi Kristinssyni, Eiði Ágústi Kristjánssyni og Garðari Borþórssyni og svo tónlistarmanninum Togga. Þeir voru að taka upp afslappaða útgáfu af gömlu en klassisku lagi úr ranni hljómsveitarinnar Grafík – „Þúsund sinnum segðu já“. „Ástæða samstarfsins er sameiginleg hrifning á hljómsveitinni Grafík og hugmyndin er sú að beina fólki í áttina að þessum gömlu perlum,“ segir Barði. Og segir að lagavalið eigi sér sérkennilega sögu. Togga áskotnaðist vínylplata með Grafík sem hann svo seldi Safnarabúðinni af illri nauðsyn sökum bágrar fjárhagsstöðu. Jón Björn, eða Bjóssi eins og hann er jafnan kallaður, keypti þetta



TOGGI OG OURLIVES Toggi þarna bundinn við sjálfan sig en sagan á bak við lagið sem þeir voru að senda frá sér er sérstök.

eintak. Nú er lagið, í útgáfu þeirra Ourlives og Togga, tekið að hljóma á öldum ljósvakans. Ourlives hefur sent frá sér tvær smáskífur, lögin Out of Place og Núna, en fyrsta breiðskífan er væntanleg í haust. Fram til þessa hefur Ourlives aðallega verið að geta sér gott orð í útlandinu, til dæmis Englandi, en nú eru Íslendingar að taka við sér og þeir farnir að telja sig spámenn í eigin föðurlandi. - jbg



ÆVINTÝRAMAÐUR OG FERÐAFRÖMUÐUR Jón Heiðar hefur unnið hörðum höndum að því að byggja upp Arctic Adventures sem sérhæfir sig í ævintýraferðum.

ENDALOUS VINNA

Ævintýramaðurinn og ferðafrömuðurinn Jón Heiðar Andrésson hefur með óþrjúgandi dugnaði náð að byggja upp ferðaveldið Arctic Adventures sem býður upp á ýmsar skemmtilegar ævintýraferðir líkt og jöklaferðir, flúðasiglingar í Hvítá og köfun í gjánni Silfru.

„Ég byrjaði árið 1999 sem starfsmaður hjá Batafólkinu. Árið 2005 kaupum ég og Torfi Yngvason, félagi minn, raftinghlutann úr fyrirtæki sem heitir Afþreyingarfélagið og sameinuðum það Arctic Rafting. Ári síðar opnuðum við Cintamánverslunina á Laugavegi og síðan þá hefur fyrirtækið haldið áfram að stækka hægt og rólega. En maður er líka að vinna í þessu allan sólarhringinn, alla daga ársins,“ segir Jón Heiðar.

Fyrirtækið heldur áfram að stækka og nú rekur Jón Heiðar

einnig farfuglaheimili á Laugavegi 28 í samstarfi við Nýlenduverzlun Hemma og Valda. „Farfuglaheimilið er mjög hefðbundið í sniðum. Við erum með 95 rúm og þótt það sé ekki fullbókað hjá okkur allar nætur þá hefur reksturinn gengið mjög vel það sem af er sumri. Það hefur lengi vantað ódýra gistingu í miðbæinn og þetta er því mikil bót fyrir þá ferðamenn sem kjósa að ferðast ódýrt um landið.“

Að sögn Jóns Heiðars hefur fjöldi ferðamanna í ár haldið nokkuð óbreyttur miðað við fyrri ár. Hann segir að helst megi sjá mun í hvataferðum erlendra fyrirtækja, en slíkum hópum hefur fækkað nokkuð. Spurður um framtíðaráform sín segir Jón Heiðar að fyrirtækið hafi vaxið hratt síðustu ár og að nú sé kominn tími til að hægja á ferðinni og hlúa að því. „Nú er kominn tími til að einbeita sér að því sem maður á. Þetta hefur gengið vonum frammar og það er að miklu leyti starfsfólkinu að þakka, þetta hefði líklega aldrei gengið ef þeirra nyti ekki við,“ segir Jón Heiðar að lokum. sara@frettabladid.is

Kjöll Jóhönnu til sýnis

Eurovision-kjöll Jóhönnu Guðrúnar er til sýnis í Klæðskerahöllinni, Hringbraut 49, en kjöllinn var saumaður þar. „Það er ofboðslega mikið af fólki sem stoppar hérna við gluggann, það þekkjast allir kjöllinn,“ segir Berglind Magnúsdóttir klæðskeri, ein þriggja sem komu að gerð hans. Kjöllinn er ekki til sölu.

„Þetta er kannski ekki kjöll sem mun verða notaður aftur. En það er bara gaman að fólk fái að sjá hann, hann er auðvitað öðruvísi í návígi en í sjónvarpinu.“ Enginn hefur hingað til beðið um að fá að máta kjöllinn. „Enda efast ég um að hann myndi passa á nokkurn annan en Jóhönnu.“

Kjöllinn var áður til sýnis í Andersen og Lauth. -kbs



VAKTI ATHYGLI Forfallnir Evróvisiónaðdáendur geta skoðað kjöll Jóhönnu.

Vissir þú að 58% karla vilja frekar að maki þeirra gefi þeim óvænta gjöf, heldur en að vera spurðir um hvað þeir vilji?

MIÐASALA HEFST 6. ÁGÚST
WWW.HELLISBUINN.IS

Sérsniðin heyrnartæki fyrir alla!

Hjá Heyrnarstöðinni, Kringlunni færðu alla þjónustu sem snýr að heyrnarmælingum og heyrnartækjum. Við sérsniðum heyrnartæki svo þau falli vel að hverju eyra og skili hljóminum fullkomlega – frá dýpstu tónum til hæstu hæða. Komdu til okkar og fáðu aðstoð við val á réttu heyrnartækjunum fyrir þig.

Ókeypis heyrnarmæling

Heyrnarmæling tekur stutta stund en getur bætt lífsgæði þín um alla framtíð.

**TRYGGINGASTOFNUN
TEKUR ÞÁTT Í GREIÐSLU
HEYRNARTÆKJA!**

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Tímappantánir 9-17 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is

> Jay Manuel

„Þegar fræga fólkíð vaknar á morgnana lítur það alveg jafn illa út og annað fólk. Ég er búinn að vera í þessum bransa í 14 ár og veit vel að venjulegt fólk getur verið jafnflott og það fræga.“

Manuel kennir venjulegum konum að líta út eins og stjórnumnar í Hollywood í þættinum Style Her Famous sem SkjárEinn sýnir í kvöld.

 dagskrá**VIÐ TÆKIÐ KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR HUGAR AÐ GILDI ENDURSÝNINGA****Það sem er þægilegt telst klassískt**

Sumir þættir virðast ætla að fylgja manni alla ævi. Ekki af því að þeir séu sérstaklega góðir, heldur af því að þeir eru bara alltaf í sjónvarpinu. Simpsons og Seinfeld eru svona þættir.

Ég hef aldrei haft gaman af Seinfeld. Aldrei. Samt hef ég slyst til að sjá tugi þátta bara af því að einhverja hluta vegna var kveikt á sjónvarpinu og þeir voru á skjánum. Þeir eru svolítið eins og nágranni sem vill bara ekki flytja. Maður venst því að hann ryksugi alltaf klukkan átta á sunnisdagsmorgnum, þó manni líki það engan veginn. Simpsons er aftur á móti eins og vinalega eldra parið á móti. Það er eitthvað kósi við það að sjá þau fara út með ruslið í gráum plastpokum, þó það sé fullkomlega fyrirsjáanlegt.

Þaðir þættir geta talist til brautryðjenda á sínu sviði. Simpsons er erkitýpa teiknaðra gamanþátta og Seinfeld opnaði fyrir flóðgátt furðufugla í sjónvarpi. En það sem var brautryðjandi þá er gamalt og seigfljótandi í dag. Simpsons á ekkert í



hraða Family Guy eða svarta satíru American Dad. Þeir fjalla um nákvæmlega sömu fjölskyldu, meira og minna, fyrir og eftir póstmóðernismann.

Þegar ég spái í það þá hafa Simpsons-þættirnir aldrei verið sérstaklega myndir. Skemmtilegir og viðkunnlegir en ekki myndir beint. Fyrir mér eru þeir um gildi fjölskyldunnar, ástina, hjónabandið, uppvaxtarárin, ellina. Ég andvarpa eins og góður áhorfandi í sal en dóshláturinn verður að finna annars staðar.

Ég skil af hverju þessir þættir eru sýndir endalaust. Það er hugmyndin um að þeir höfði til allra, séu klassik. En það sem höfðar til allra á einhverjum tímapunkti er yfirleitt það sem reynir minnst á þeirri áhorfandans. Í dag horfum við á svo mismunandi hluti að það eina sem heilu kynslóðir eiga sameiginlegt hvað varðar sjónvarpsáhorf er það sem er endursýnt út í það óendanlega. Þannig lífa Staupasteinn, ER, Guiding Light og Nágrannar allt nýtt sjónvarpsfáni og fá á endanum menningarlegt gildi sem klassik.

PRÍÐJUDAGUR

17.40 The O.C. STÖÐ 2 EXTRA



19.35 Skólaklíkur SJÓNVARPIÐ



20.10 Notes From the Underbelly STÖÐ 2



20.55 Herminator Invitational STÖÐ 2 SPORT



21.50 The Dead Zone SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leiðarljós**
17.20 Tákn málsfréttir
17.30 Matta föstra og imynduðu vinirnir hennar (51:53)
17.52 Herramenn (2:13)
18.02 Hrutúrinn Hreinn (36:40)
18.10 Íslenski boltinn (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Skólaklíkur (9:10) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjöruft félagslífi þeirra í háskóla. Helstu leikarar eru Jacob Zachar, Spencer Grammer, Scott M. Foster, Jake McDorman, Clark Duke og Amber Stevens.
20.25 Opna breska meistaramót-ið Þáttur um Opna breska meistaramót-ið golfi í fyrri. Mótið í ár hefst fimmtudaginn 16. júlí á Turnberry-vellinum í Skotlandi.
21.30 Trúður (Klovn II) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper. (e)
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.25 Illt blóð (Wire in the Blood V: Óþekktur morðingi) (3:4) Breskur spennu-myndaflokkur þar sem sálfræðingurinn dr. Tony Hill reynir að ráða í persónuleika glæpamanna og upplýsa dularfull sakamála. Aðalhlutverk: Robson Green.
23.55 Reykjavíkurmót Fákis Þáttur um Reykjavíkurmót Hestamannafélagsins Fákis sem fram fór á dögnum. (e)
00.25 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 Planet of the Apes**
10.00 Ástríkur og víkingarnir
12.00 Dying Young
14.00 Scoop
16.00 Planet of the Apes
18.00 Ástríkur og víkingarnir
20.00 Dying Young
22.00 The Kite Runner Áhrifamikil kvikmynd sem gerð er eftir einni nafntoguguustu metsölubók síðari ára, Flugdrekaflauparanum.
00.05 John Tucker Must Die
02.00 Dog Soldiers
04.00 The Kite Runner
06.05 Look Who's Talking

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2** Go Diego Go!, Krakkarnir í næsta húsi og Tommi og Jenni.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Doctors (25:26)
10.00 Doctors (26:26)
10.30 In Treatment (2:43)
11.05 Cold Case (19:23)
11.50 Gossip Girl (4:25)
12.35 Nágrannar
13.00 Hollyoaks (232:260)
13.25 Failure to Launch
15.20 Sjáðu
15.55 Barnatími Stöðvar 2 Sabrina - Unglingsnornin, Ben 10 og Go Diego Go!
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 Friends (24:24)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 The Simpsons (24:25)
19.45 Two and a Half Men (5:19)
20.10 Notes From the Underbelly (6:10) Gamanþáttur þar sem dregnar eru upp allar fyndnustu hlíðar á barneignum og barnaupplendi. Í fyrstu seríu eignuðust Andrew og Lauren sitt fyrsta barn eftir ansi skrautlega meðgöngu en nú fyrst byrjar ballið.
20.30 'Til Death (7:15) Brad Garrett leikur fúlan á móti, óþolandi nágranna sem gekk endanlega af göflunum þegar ungt og nýgift par flutti í næsta hús en svo tókst með þeim ágætis vinskapur.
20.55 Bones (19:26)
21.40 Little Britain (4:6)
22.10 My Name Is Earl (16:22)
22.35 The Sopranos (24:26)
23.30 The Closer (11:15)
00.15 Lie to Me (4:13)
01.00 Point Blank
02.30 Failure to Launch
04.05 Bones (19:26)
04.50 Little Britain (4:6)
05.20 'Til Death (7:15)
05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 18.00 World Supercross GP** Að þessu sinni fór mótið fram á AT & T Park í San Francisco.
18.55 Pepsímörkin 2009 Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.
19.55 World's Strongest Man 1983 Þáttur um keppnina Sterkasti maður heims árið 1983. Jón Páll Sigmarsson gerði sig gildandi á þessum árum, við takmarkaða hrifningu Bandaríkjamannsins Bills Kazmaiers og Bretans Geoff's Capes.
20.55 Herminator Invitational Sýnt frá Herminator Invitational en Hermann Hreiðarsson stöð fyrir mótið.
21.35 Herminator Invitational
22.05 PGA Tour 2009 - Hápunkt-ar Sýnt frá hápunktunum á PGA mótardöinni í golfi.
23.00 \$1,000 No Limit Hold' Em Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.
23.45 Timeless Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum. Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í öllum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt.

SPORT 2 enski boltinn

- 19.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
19.30 Arsenal - Everton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
21.10 PL Classic Matches Liverpool - Chelsea, 1996. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.40 Goals of the Season 2004 Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
22.40 Man. Utd. - Chelsea Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist**
07.00 Málefníð (7:7) (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Óstöðvandi tónlist
12.00 Málefníð (7:7) (e)
13.00 Óstöðvandi tónlist
17.30 Fyndnar fjölskyldumyndir (e)
18.00 Rachael Ray
18.45 America's Funniest Home Videos (47:48) (e)
19.10 Family Guy (6:18) (e)
19.35 Everybody Hates Chris (e)
20.00 According to Jim (18:4)
20.30 Style Her Famous (11:20) Stjórnumstílistinn Jay Manuel heimsækir venjulegar konur sem dreymir um að líta út eins og stjórnumar í Hollywood. Að þessu sinni hjálpar hann konu sem þráir að líta út eins og Drew Barrymore.
21.00 Stylista (8:9) Næstíðasti þátturinn og keppendur halda áheymarpróf fyrir fyrirsætur í tiskumyndabátt. Síðan fá þeir það verkefni að undirbúa tiskusýningu fyrir óþekkt fatahönnuði.
21.50 The Dead Zone (5:13) Bandarísk þáttaröð um John Smith sem sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda. Johnny fær andarlaega sýn þar sem maður er grafinn lifandi. Hann er í kapphlaupi við tímann við að finna manninn áður en það er um seina.

INN

- 20.00 Hrafnafingur** Í umsjón Ingva Hrafn. Umræður um pólitík liðandi stundar.
21.00 Græðlingur Í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.
21.30 Skýjum ofar Umsjón: Dagbartur Einarsson og Snorri Jónsson
Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

**KARLAR SEM HATA KONUR**

BYGGD Á METSÖLUBÓK
STIEG LARSSON

Frumnýnd 24. júlí

Forsala hefst á midi.is 16. júlí

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.10

My Name is Earl

Þriðja þáttaröð eins allra ferskasta og skemmtilegasta gamanþáttar síðari ára. Jason Lee er hér í hlutverki Earls sem reynir að bæta fyrir misgjörðir sínar eftir að hann vinnur 100.000 dollara í skafmiðahappdrætti.



VIÐ MÆLUM MED

According to Jim

SkjárEinn kl. 20.00

SkjárEinn byrjar að sýna í kvöld sjöundu þáttaröðina um fjölskyldumanninn Jim. Jim getur gert einfalda hluti ákaflega flókna og hagar sér oft eins og versta karlremba. Inn við beinið er hann þó ljúfur sem lamb og eiginkonan fyrirgefur honum öll kjánaleg uppátækin þrátt fyrir að hann eigi það sjaldnast skilið.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunfrúin
- 06.40 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.03 Morgunfrúin
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.03 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Óvissuferð - allir velkomnir
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Á sumardegi
- 14.03 Drottning hundadaganna
- 15.03 Útvarpssagan: Ljósið í vatninu
- 15.25 Þriðjudagsdjass
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir
- 19.00 Á sumardegi
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Sumraddir
- 21.20 Trompetmeistarar sveiflunnar
- 22.07 Veðurfregnir
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Kvöldsagan: Sólón Islandus
- 23.00 Gatan mín
- 23.35 Kvöldtónar
- 00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.45 Hollyoaks (231:260)

17.15 Hollyoaks (232:260)

17.40 The O.C. 2 (3:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

18.25 Seinfeld (7:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunarsamur og sérvitur.

18.45 Hollyoaks (231:260)

19.15 Hollyoaks (232:260)

▶19.40 The O.C. 2 (3:24)

20.25 Seinfeld (7:22)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.20 Ísland í dag

21.40 Aliens in America (17:18) Stórskemmtilegir gamanþættir um Raja, ungan skiptinema frá Pakistan sem býr hjá Tolchuck-fjölskyldunni í Wisconsin. Hann er múslimi en þau sannkristin og sambúðin gengur því ekki alltaf hnökralaust fyrir sig.

22.05 So You Think You Can Dance (8:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð. Allt byrjar þetta á prufunum sem fram fóru í fjórum borgum. Aldrei fyrr hafa jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig og í ár.

23.30 So You Think You Can Dance (9:23)

00.15 Entourage (9:12)

00.45 Sjáðu

01.15 Aliens in America (17:18)

01.40 Fréttir Stöðvar 2

02.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.30 Norge rundt jukeboks 11.30 Sport Jukeboks 12.30 Svísj gull jukeboks 13.40 Sluttan på et forhold 15.20 Litt som deg 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Dora utforskeren 16.25 Travelbymysteriene 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Gronn glede 17.55 Skjergardsmat 18.25 Kjære dagbok 19.69 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sommeråpent 20.20 Extra-trekning 20.30 Skilt! 21.00 Kveldsnytt 21.15 Festsplillene i Vestfold 21.45 Philadelphia 23.45 Jazz jukeboks

DR 1

11.10 Forandring på vej 11.40 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 Flight 29 savnes! 13.20 Tom og Jerry i Neapel 13.30 SommerSummerum 13.35 Svampebob Firkant 13.55 SommerSummerum 15.05 Trolldomsæskan 15.30 Lille Nord 16.00 Supernabo 16.30 TV Avisen med Sport 16.55 SommerVejret 17.00 DR1 Dokumentaren - Ej blot til lyst 18.00 Så for sommer 18.30 Onskehaven 19.00 TV Avisen 19.25 SommerVejret 19.35 Aften-tour 2009 20.00 Havet er mit våben 21.25 Kodenavn Hunter 22.25 Dodens detektiver 22.50 Seinfeld

NKI

10.30 Norge rundt jukeboks 11.30 Sport Jukeboks 12.30 Svísj gull jukeboks 13.40 Sluttan på et forhold 15.20 Litt som deg 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Dora utforskeren 16.25 Travelbymysteriene 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Gronn glede 17.55 Skjergardsmat 18.25 Kjære dagbok 19.69 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sommeråpent 20.20 Extra-trekning 20.30 Skilt! 21.00 Kveldsnytt 21.15 Festsplillene i Vestfold 21.45 Philadelphia 23.45 Jazz jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Författarportrátt 10.30 Med huvudduk och höga klackar 11.00 Isbjörnar, hundar och videoband 11.35 Bröderna Östermans huskors 13.15 The Bedford Dianas 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Pistvakt 15.25 Sjukan 15.55 Blomsterspråk 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Allt ljus på 16.55 Cirkusliv 17.25 Anslagstavlan 17.30 Rapport 17.50 Regionala nyheter 18.00 Allsång på Skansen 19.00 Grattis kronprinsessan 20.30 Norsk attraktion 21.00 Det nya landet 22.00 1800-talet ut-och-in 22.40 Sändningar från SVT24

20 ÁRA AFMÆLISHRINGFERÐ FM957 ELDHÚSPARTÝ OG MIDNÆTURDANSLEIKUR

ZÚBER SENDIR ÚT ÞÁTTINN FRÁ KAFFI AKUREYRI Á FÖSTUDAGINN OG ÞÉR ER BODIÐ Í MORGUNKAFFI.

Zúber GRÚBBAN

AKUREYRI

FIMMTUDAGSKVÖLD

16.JÚLÍ KAFFI AKUREYRI / FMPARTÝ MED ZÚBER / GESTIR EINAR ÁGÚST, BMV & 3 RADDIR OG BEATUR

20 ÁRA FM STÓRDANSLEIKUR

17.JÚLÍ VÉLSMÍÐJAN / ZÚBER GRÚBBAN ÁSAMT EINARI ÁGÚSTI, VIGGA SNÆ & DJ.SVALA

MIDAVEÐ 1.900.- (I MIDAVEÐ I FORSÖLU 1.500.- FORSALA Á KAFFI AKUREYRI)

TAL NOTENDUR FÁ 300.KR AFSLÁTT AF MIDAVEÐI

VIÐ SKEMMTUM ÞÉR SUMARIÐ 2009

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.FM957.IS

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég hlusta á plötuna *The Seventh Tree* með hljómsveitinni *Goldfrapp* og *Ellý Vilhjálms*.“

Sigríður Sunna Reynisdóttir, nemandi í brúðugerð.

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

LÁRÉTT 2. eyja, 6. hljóm, 8. bók, 9. draup, 11. tveir eins, 12. vínblanda, 14. menntastofnun, 16. átt, 17. rakspaði, 18. tæfa, 20. fyrir hönd, 21. trúflun.

LÓÐRÉTT 1. fita, 3. rykkorn, 4. hrörnun, 5. sígað, 7. naggrís, 10. kverk, 13. gaul, 15. sjá eftir, 16. arinn, 19. bókstafur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. eyja, 6. hljóm, 8. bók, 9. draup, 11. tveir eins, 12. vínblanda, 14. menntastofnun, 16. átt, 17. rakspaði, 18. tæfa, 20. fyrir hönd, 21. trúflun. **LÓÐRÉTT:** 1. fita, 3. rykkorn, 4. hrörnun, 5. sígað, 7. naggrís, 10. kverk, 13. gaul, 15. sjá eftir, 16. arinn, 19. bókstafur.

MÚRBÚÐARVERÐ

Mikið úrval af skrófum. Ryðfrjár Torx tréskrófur.

Verðdæmi: 4x50mm, 200 stk.

1.559 kr.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

MÚRBÚÐIN

— Afslátt eða gott verð? —

Sími 412 2500 - www.murbudin.is

Einkanúmerið 2007 tákn um liðinn tíma

„Í og með er verið að gera grín. En þetta er margþætt,“ segir Gísli Gíslason lögmaður.

Ljósmyndari Fréttablaðsins var á ferð um miðborgina þegar hann rak augun í stífbónaðan Porsche- bíl með einkanúmerinu 2007. Eigandinn er Gísli og einkanúmerið er ekki grínið eitt heldur býr djúpstæð merking þar að baki. „Ég er með verkefni sem heitir 2012 sem felst í því að rafbílavæða Ísland. Þessi bíll var reyndar keyptur árið 2008. En til stendur að selja þennan svarta Porsche til útlanda um leið og við fáum hvítan rafmagnsportbíll sem heitir Tesla.“ Þannig er Porsche-bíll Gísla táknngervingur liðins tíma. Þó um sé að ræða glæsikerru segir Gísli Tesluna vera miklum mun meiri og betri bíl. „Við ætlum að prufa Tesluna um leið og hún kemur til landsins. Ég ætla að fá lánaðan Reykjavíkflugvöll og spyrna. Ég held að Teslan klári Porsche-inn. Þú kemst 350 kílómetra á

tankinum og það kostar níu þúsund. Fullhlaðin fer Tesla 460 kílómetra á hleðslunni og það kostar 350 krónur.“ Munar ein minna. Gísli segir að í þessum tveimur bílum mestist gamli og nýi tíminn. Og segir af miklu verkefni sem 2012 er með í farvatninu en fyrir-tækið ætlar að hjálpa fólki til að losna við bensínháka sína. Eða skipta út vélum og setja rafmagnsmótora og batterí í staðinn. „Við ætlum að rafbílavæða Ísland. Allir geta hlaðið bílana sína með venjulegum hleðslutækjum sem tekur fjóra til sex klukkutíma. Eða með hraðhleðslu á bensínstöðvum sem tekur tíu mínútur. Bjarga Íslandi og þá heiminum,“ segir Gísli.

GÍSLI OG PORSCHE-INN NÚMÉR 2007 Um leið og rafknúna Teslan kemur til landsins verður Porsche-inn, merktur 2007, seldur úr landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



SÍMON BIRGISSON: LEIKLISTARNEMI ÓSÁTTUR VIÐ KVIKMYNDAHÁKARL

Bitist um Guð blessi Ísland

„Það á náttúrulega enginn einkarétt á setningunni „Guð blessi Ísland“. En það er vandræðalegt að bæði verkin beri sama nafn,“ segir Símon Birgisson, leikskáld og listnemi.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir nokkru að kvikmyndagerðarmaðurinn Helgi Felixson verði líklega fyrstur til að frumsýna sína heimildarmynd um hrúnið þann 6. október, en nokkur fjöldi kvikmyndagerðarmanna vinnur að gerð heimildarmynda um þessa merkilegu tíma í sögu Íslands. Helgi leitar ekki langt yfir skammt og hefur gefið mynd sinni nafnið „Guð blessi Ísland“ með vísan í fræga ræðu Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra. Svo meinlega vill til að þetta er nákvæmlega titillinn sem Símon hafði fundið á heimildarleikrit sem var útskriftarverkefni hans við Listaháskólann í vor. Verk Símonar var frumflutt í Borgar-leikhúsinu og stendur til að það verði flutt í Útvarpsleikhúsinu í haust. Símon sendi Helga tölvupóst og vakti athygli hans á þessum meinlega árekstri. „Hann var kammó þessi gaur. En það er fyndið að hann skuli taka nafn á verki, sem er heimildarleikrit um krísuna, útskriftarverkefni mitt. Erfitt fyrir mig að vera að berjast við hákarla í kvikmyndaheiminum. Þetta sýnir ekki mikla hugmyndaauði af hans hálfu,“ segir Símon sem setti sig í samband við Rithöfundasamband Íslands til að kynna sér stöðu sína og hefur í höndum bráðabirgðasvar þaðan. Þar er vísad í höfundalög, VI. kafla, Ýmis ákvæði, 51. grein: „Nú hefur höfundur notað sérstakan titil, gervinafn eða merki á birtu verki, og er öðrum þá óheimilt að birta verk með sams konar auðkenni eða svo áþekku, að líklegt sé, að villst verði á verkunum eða höfundum þeirra.“ Símon segist ekki hafa bolmagn til að



GUÐ BLESSI ÍSLAND

Þessi fleygu ummæli **Geirs H. Haarde** virðast ætla að reynast einkunnarorð hrúnsins – en bæði **Símon Birgisson** leikskáld og **Helgi Felixson** kvikmynda-gerðarmaður hafa fundið í þeim titil verka sinna.

vekja athygli á því að leikrit hans og heimildarmynd Helga séu ekki sama fyrirbærið. Hann hefur ekki tekið ákvörðun um hvernig rétt sé að bregðast við þessari stöðu.

Helgi Felixson segist fátt geta sagt um málið annað en að þetta nafn hafi verið á myndinni nánast frá því orð Geirs féllu. Helgi segist ekkert hafa þekkt til teós heimildarleikrits fyrr en honum barst tölvupóstur frá Símoni. „Þetta kom mér á óvart. Ég hafði

ekki hugmynd um þetta enda bý ég ekki á Íslandi,“ segir Helgi sem búsettur er í Svíþjóð. Hann telur óvíst að Símon hafi verið á undan með að ákveða þennan titil á sitt verk. Símon er nú við mastersnám í Þýskalandi, komst einn fjögurra af nokkur hundruð umsækjendum í leiklistarfræði í Giessen-háskólanum, sem er ein frægasta leiklistardeildin „... í avant Garde-senunni hérna úti,“ segir Símon.

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Samuel Samúelsson básún-töfari og félagar í hljómsveitinni *Jagúar* eru hvergi nærri dauðir úr öllum æðum þó þeir hafi ekki leikið opinberlega á Íslandi síðan vorið 2008. Jagúar fer í næsta mánuði til Finnlands til að leika þar á Elojazz-hátíðinni og til að vera alveg funheitir í landi saunabaða ætla þeir áður að fara um Ísland og spila. Hefja leikinn reyndar í sollinum á Rósenberg í kvöld.



„What happens in Vegas, stays in Vegas,“ segir frasinn. **Ásgeir Kolbeinsson** sjónvarpsstjarna er staddur í Vegas og lýsir þessu yrif á Facebook-síðu sinni – en tekur ekki meira mark á inntakinu en svo að hann rapporterar grimmt fyrir aðdáendur sína frá þessari borg lastanna. Þar virðist Ásgeir samkvæmt Facebook-orðsendingum vera ásamt vinum að mála bæinn rauðan. „40 milljón dollara SPA-íð á Sævars Palace lætur Laugar líta út eins og uppláslinn heitapott á Laugavatni,“ skrifar Rauði turninn fjallbrattur.



Laddi brá sér í stúdíó á dögunum til að syngja gamla slagarann sinn Súperman að nýju með órlítið breyttum og uppfærðum texta. Lagið sló í gegn árið 1986 en nýju útgáfuna má heyrja á safnplötunni Sumarstjörn-ur sem kemur út í lok vikunnar.



-jbg

Krían gerir Bolvíkinga rauðhærða

„Nei, hún er ekki að gera okkur grá-hærð. Hún er að gera okkur rauð-hærð. Hún heggur og þá rennur rautt,“ segir Halla Signý Kristjánsdóttir fjármálastjóri Bolungarvíkur-kaupstaðar.

Sérstætt vandamál er komið upp í Bolungarvík en svo mjög hefur kríuvarpi vaxið ásmegin við bæinn að stofnað hefur verið til sérstakra undirskriftalista þar sem farið er fram á að lausn finnist á vandamálinu. Samkvæmt upplýsingum frá Samkaup Úrval hafa nú þegar skráð sig á lista sem þar liggur frammi hátt í fjörutu manns. „Þeir eru nokkrir sem hafa orðið fyrir áráss kríunnar. Hún er hérna á sandinum, við golfvöllinn, og það er þurr- ingur út af þessu. Það varð slys, maður á mótörhjólí fékk kríu framan í sig. En þetta er friðaður fugl og lítið sem við getum gert þó þetta mál hafi komið inn á borð til okkar,“ segir Halla Signý – en bæjaryfir-völd hafa leitað til Náttúrustofu Vestfjarða og spurt hvort finna megi á þessu vandamáli ásætlanlega lausn. Halla Signý dregur ekki úr því að krían sé sérlega árásgjörn um þessar myndir – kolvitlaus nú þegar ungarinn eru að koma. Þarna er æðarvarp



KRÍUPLÁGA Í BOLUNGARVÍK Íbúum Bolungarvíkur, útivistarfólki og golfurum, er vart vært vegna grimrar kríu sem herjar á bæjarbúa.

og krían sækir í það. Og skilyrði fyrir kríu virðast sérlega hagstæð því kríubyggðin hefur blásið út. „En við höfum ekkert á móti kríunni. Og bjóðum hana velkomna eins og aðra í Bolungarvík. En það væri gott ef hægt væri að finna lausn á þessum sambúðarvanda en manni og kríu virðist ekki ætlað að vera nágrennanar svo vel sé.“

-jbg

GLÆNÝ STÓRLÚÐA

STÓR OG FALLEGUR HUMAR

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

FYRIR ALLA SEM HAFA VERIÐ ...ERU ...VILJA VERA ...EÐA NEITA AÐ VERA Í SAMBANDI

JÓHANNES HAUKUR ER

HELLISBÚINN

EFTIR ROB BECKER

VINSÆLASTI
EINLEIKUR
ALLRA TÍMA!

FRUMSÝNDUR
3. SEPTEMBER
Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI

„Brjálæðislega fyndinn!

Allir sem vilja skilja hitt kynið ættu að sjá Hellisbúann“

– John Gray, Karlmenn eru frá Mars, konur eru frá Venus

LEIKSTJÓRI: RÚNAR FREYR GÍSLASON

AÐALHLUTVERK: JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON DÝÐING: SIGURJÓN KJARTANSSON

WWW.HELLISBUINN.IS

Miðasala hefst 6. ágúst á **midi.is** og í síma 540 9800
Vertu í sambandi við Hellisbúann á **FACEBOOK**



bravó!



Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



BAKPANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttir

Gömul myrkraverk

Á leið minni til Austfjarða þótti mér við hæfi að taka með mér fróðleg rit um héraðið á borð við Austfirðingabætti og byggðarsögur kaupstaðanna þar í kring. Ekki kann ég að rekja ættir mínar austur á firði og áttu því hvorki ég né aðrir fjölskyldumeðlimir fróðleiksrit um svæðið. Ég gerði mér því ferð á bókasafn svo að ekki myndi ég ferðast um svæðið án þess að geta flett upp hluta af þeim sögum sem kynnu að búa í landslaginu. Með í fræðiritunum slæddust svo fróðleiksrit á borð við Íslenskt vættatal, Íslenskar kynjaskepnur og Syndir feðranna – Sagnir af gömlum myrkraverkum en síðarnefndu ritin tengjast þó Austfirðingum ekkert sérstaklega.

SATT best að segja þá fór það svo að kynjaskepnur, drepsóttir og morðingjar fortíðarinnar toguðu meira í mig en austfirskar kempur, að minnsta kosti fyrri part ferðar (ég er enn á flækingi þar eystra). Meðal myrkraverkanna sem ég las um voru þættir um svívirðilega ósanngirni sem viðgekkst á tímum alræmds skeiðs sem nefnt hefur verið einokunarsagan (Sverrir Hermannsson segir reyndar að sagnir af stjórnartíð Davíðs og Halldórs muni slá hryllingssögum af einokuninni við).

AUK frásagna af myrkraverkum var einnig að finna lýsingar á ýmsum dreppstum og plágum sem í eina tíð ollu mannfækkun, ótta og vonleysi meðal Íslendinga. Ég saknaði umfjöllunar um spænsku veikina í bókinni en gat bætt úr því þar sem nokkur hefti af Læknablaði var að finna í bústaðnum þar sem ég dvaldi og eitt þeirra geymdi úttekt um þá skæðu sótt.

PAR var einnig að finna áhuga-verða frásögn af framlagi Thors Jensen og konu hans, en þau vildu milda þjáningar fólks í tíð farsóttarinnar. Þar stóð einnig að þau hefðu verið ófáanleg með öllu til að ræða framlag sitt, höfðu sem sé engan áhuga á að láta ímyndarsérfræðinga og fjölmiðlafulltrúa skapa þeim ímynd ríkra góðmenna og dugnaðarforka. Heldur kusu þau að vera slíkir í raun og sann.

GÓÐUR orðstír deyr þó seint. Þótti mér hegðun þeirra afar ólík þeirri sem sumir afkomendur þeirra hafa sýnt af sér.

Útsala

50%

afsláttur af öllum vörum

SAND
BOSS HUGO BOSS
HUGO HUGO BOSS
B & S KONUR
B&S | Kringlunni 553 4141
Ný og stærri verslun á neðri hæð Kringlunnar.

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
fierra GARDURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410
BOSS HUGO BOSS SAND strellson Van Gils gardeur CANALI PAL ZILERI FINUCCI bugatti LLOYD eterna PIERO RALPH LAUREN

HUGO BOSS
HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn 14. júlí 2009, 195. dagur ársins.
Sólarupprás Hádeggi Sólarlag
Reykjavík 3.38 13.33 23.26
Akureyri 2.52 13.18 23.41
Heimild: Almanak Háskólans